

V/2.3

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	R L S	
Skýrslu gerir Arnar Jensson, aðstoðaryfirlögregluþjóm		Mál nr. 006-2002-0086	
Staður og stund: Reykjavík 4. apríl 2003, kl. 09.45			
Sakarefni: Ætluð brot á 104. gr. hlutafélagalaga og lögum um ársreikninga.			
Sakborningur/grunaður: Jóhannes Jónsson		Kennitala: 310840-3009	
Starf/staða: Verslunarmaður		Vinnusími: 894 1777	
Lögheimili: Hrafnabjörg 4, Akureyri		Sími:	
Dvalarstaður:		Sími:	

Jóhannesi er kynnt að verið sé að rannsaka grun um ætlaðar ólögmætar lánveitingar af hálfu stjórnenda Baugs hf., bæði sem snúa að almennum lánveitingum og lánveitingum til hlutafjárkaupa í félaginu.

Rannsóknin beinist að því að upplýsa hvort framin hafi verið umboðssvik og/eða brot á 104. gr. laga um hlutafélög nr. 2, 1995.

Rannsóknin beinist einnig að því að upplýsa hvort framin hafi verið brot á 36. og 43. gr. laga um ársreikninga nr. 144, 1994, svo og ákvæði reglugerðar nr. 696 frá 1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Með Jóhannesi er Einar Sverrisson, hdl., sem er skipaður verjandi hans.

Jóhannesi er kynnt að honum sé ekki skylt að svara spurningum um eigið sakarefni en brýnt fyrir honum/ henni að setja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kanna að skipta.

Jóhannes er beðinn að gera grein fyrir yfirstjórn og framkvæmdastjórn Baugs hf.

Jóhannes segir að hjá félaginu sé stjórn en síðan hafi forstjóri og aðstoðarforstjóri stjórnað félaginu.

Hann er spurður hvort mynduð hafi verið starfsstjórn/yfirstjórn hjá fyrirtækinu og síðan framkvæmdar- og rekstrarstjórn.

Hann segir að á ákveðnum tímamarki hafi verið mynduð starfsstjórn stjórnarformanns og forstjóranna tveggja og það sé rétt að á fyrrihluta ársins 2002 hafi verið mynduð fimm manna framkvæmda- eða rekstrarstjórn sem í áttu sæti auk hinna þriggja fyrrgreindu, Jón Björnsson og Jón Scheving. Um þá ráðstöfun hafi stjórnin fjallað. Hann segir að þegar Jóhanna Waagfjörð kom til starfa sem fjármálastjóri hafi hún komið inn í þessa framkvæmdastjórn sem sjötti maðurinn.

Jóhannes er spurður hvort framkvæmdastjórnin hafi haft skilgreint eða skráð hlutverk.

Hann segir að honum sé ekki kunnugt um að skráð sé lýsing á hlutverki þessarar framkvæmdastjórnar en í huga hans hafi hennar aðalhlutverk verið að tengja saman hina ýmsu þætti rekstarins og taka stærri ákvarðanir þar að lútandi.

Fjallaði fyrrgreind framkvæmdastjórnin um lánveitingar til starfsmanna, stjórnenda eða hluthafa.

06796

AB  
GPS

Hann segist ekki vita það.

**Almennt um lánveitingar til starfsmanna, framkvæmdastjóra og stjórnenda Baugs og undirfyrirtækja:**

Jóhannes er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um að framkvæmdastjórum undirfyrirtækja Baugs, stjórnendum móðurfélagsins svo og öðrum stjórnendum og starfsmönnum fyrirtækja Baugs hafi verið veitt lán frá Baugi hf. sem færð voru á viðskiptareikninga lántakendanna og mótfærslur bókaðar á lyklna "lán til framkvæmdastjóra" en sumar færst á safnreikninginn "eigendur og stjórnendur-safn".

Jóhannes segir að honum hafi verið kunnugt um að starfsmönnum voru veitt lán til bílakaupa. Það hafi verið rætt á meðal stjórnenda fyrirtækisins hvort skaffa ætti stjórnendum bíla eða lána þeim til að kaupa sína eigin bíla. Hann segir að síðari kosturinn hafi verið valinn þar sem það var hagkvæmara fyrir fyrirtækið auk þess sem hann hafi almennt verið á þeirri skoðun að fyrirtækið ætti ekki að skaffa starfsmönnum bíla. Varðandi þá bókhaldsreikninga sem nefndir eru segist hann ekki hafa fylgst með því sérstaklega.

**Lánveitingar bókaðar á #67910 "lán til framkvæmdastjóra":**

Jóhannesi er kynnt að við hútleit lögreglunnar í Baugi hafi bókhaldskerfi félagsins verið afritað. Skv. stöðu bókhaldsins þann 28. ágúst 2002 þegar afritunin var gerð voru 16 starfsmenn Baugs og undirfyrirtækja í skuld á reikningnum "lán til framkvæmdastjóra" samtals að fjárhæð kr. 33.216.798.

Jóhannesi er kynnt samantekt endurskoðenda RLS í kafla 1.0 sem varðar sundurliðun á þessum lykli. Eins og fram kemur í skýrslu endurskoðendanna er um að ræða tvenns konar lánveitingar, almenn lán og lán til hlutabréfakaupa. Ljóst er að lán til hlutabréfakaupa hafa verið endurgreitt að mestu en samtals hefur framkvæmdastjórum Baugs og undirfyrirtækja verið lánað frá árinu 1998 til 28. ágúst 2002 kr. 42.963.968.

Ljóst er að fjárhæðirnar hafa staðið óbreyttar og vaxtalausar inni á þessum reikningi frá upphafi lánveitinganna.

Jóhannes er spurður hvort lánveitingar þessar hafi verið gerðar með samþykki stjórnar Baugs hf.

Hann segir að stjórnin hafi ekki fjallað sérstakleg um þessar lánveitingar en hann segir að honum sjálfum hafi verið kunnugt um þær lánveitingar sem lúta að bílakaupum en hann sjálfur hafi ekki komið að þeim ákvörðunum. Hann hafi hins vegar vitað um þetta og verið honum þóknanlegt, eins og fyrr greinir.

Jóhannes er spurður hver hafi tekið ákvarðanir um lánveitingar þessar sem færðar hafa verið á viðskiptareikninga lántakendanna og mótfærðar á bókhaldslykil #67910 "lán til framkvæmdastjóra".

Hann segir að það hafi væntenlega verið forstjórnarnir tveir, Jón Ásgeir og Tryggvi.

Jóhannes er spurður hvort honum og öðrum stjórnarmönnum Baugs hf. þekki ákvæði 1. mgr. 104. gr. hlutafélagalaga varðandi óheimilar lánveitingar hlutafélags til hluthafa, stjórnarmanna og framkvæmdastjóra þess. Einnig 2. mgr. sömu greinar varðandi óheimilar lánveitingar til hluthafa til hlutabréfakaupa í félaginu.

Hann segir að honum hafi ekki verið kunnugt um þessi ákvæði og ekki skoðað það sérstaklega enda talið að þetta væri í mjög litlum mæli. Hann tekur hins vegar fram að á fyrrihluta ársins 2002 hafi ytri endurskoðandi gert athugasemdir við lán til eigenda/hluthafa.

Jóhannes er spurður hvort stjórn Baugs hafi fjallað um lánveitingar til hluthafa, stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra sem hugsanleg brot á ákvæðum 104. gr. laga um hlutafélag.

Hann segir að stjórnin hafi ekki fjallað um þær lánveitingar sem hugsanleg brot á þeim ákvæðum.

Jóhannes er spurður hvort hann telji að stjórnendur Baugs sem ákvarðanir tóku um þessar lánveitingar hafi haft til þess heimildir.

Hann segist telja að stjórnendurnir hafi haft heimild til lánveitinga til bílakaupa.

Hann er þá spurður hvort hann telji að stjórnendur félagsins hafi haft heimild til þess að lána hluthöfum til hlutafjárkaupa í félaginu.

Hann segist vita að það hafi verið tíðkað að lána starfsmönnum og viti að það sé heimilt. Í þeim tilvikum hafi starfsmönnum verið lánað með veði í hlutabréfunum sjálfum. Hann segir að honum sé reyndar ekki fullkunnugt um framkvæmd þess í smáatriðum. Varðandi lán til hluthafa segir hann að honum hafi verið ókunnugt um lánveitingar til hluthafa sem væri eitthvað athugasvert við. Endurskoðandi félagsins hafi gert athugasemdir við lán til hluthafa í bréfi til forstjóra dags. 17. maí sem hafi verið fjallað um á stjórnarfundum þann 23. maí en í framhaldi af því hafi verið gengið frá þeim athugasemdum sem endurskoðandinn gerði.

Jóhannes er spurður hvort honum sé ekki kunnugt um skyldu skv. lögum um ársreikninga að lánveitinga sem þessara hefði ekki átt að geta í árshluta- og ársreikningum Baugs eða skýrslum stjórnar með ársreikningunum.

Hann segir að honum hafi verið ókunnugt um það.

Frammi liggur bréf Stefáns Hilmarssonar, ytri endurskoðanda Baugs hf., dags. 18. desember 2000 til Tryggva Jónssonar, aðstoðarforstjóra Baugs hf.:

“Endurskoðun á rekstrarkostnaði aðalskrifstofu Baugs vegna ársins 2000.”

Í kafla 4 um “Lán til starfsmanna” á bls. 4 kemur eftirfarandi fram:

*“Samkvæmt bókhaldslyklinum 67910 – lán til framkvæmdastjóra – hefur félagið lánað nokkrum starfsmönnum sínum samtals um 13,0 millj. kr. Fylgiskjöl sem liggja til grundvallar færslunum er u annað hvort í formi tölvupósts eða handskrifaðra blaða. Í sumum tilfellum liggur ekki fyrir hver hefur samþykkt lánveitinguna. Í engu tilvikanna kemur fram hvenær starfsmaðurinn eigi að endurgreiða lánið eða hvort honum beri að greiða vexti af láninu. Jafnframt eru dæmi um að lánin séu umfram útborguð laun starfsmannsins á uppsagnarfrestinum. Æskilegt væri að félagið setti reglur um framangreint.”*

Einnig liggur frammi greinargerð endurskoðanda Baugs, Stefáns Hilmarssonar dags. 17. maí 2002 en hún mun hafa verið kynnt stjórn á stjórnarfundum þann 23. maí 2002. Í kafla 2 í greinargerðinni fjallar endurskoðandinn um kröfur á starfsmenn og bendir á að þann 31.12. 2001 séu þær samtals kr. 37.367.000. Jafnframt tekur hann fram að kröfurnar hafi ekki verið vaxtareiknaðar og endurgreiðslutími liggi ekki fyrir.

Athugun á bókhaldi Baugs hf. sýnir að engin breyting hefur orðið á frágangi þessara lánveitinga þrátt fyrir athugasemdir endurskoðandans. Svo virðist sem staða þessara mála hafi verið óbreytt þann 28. ágúst 2002 þegar gerð var húsleit á starfsstöð Baugs og bókhaldskerfi félagsins afritað.

Jóhannes er spurður hvort stjórn félagsins hafi brugðist við þessum athugasemdum og þá hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar.

Varðandi athugasemdir endurskoðandans við endurskoðun ársins 2000 segir Jóhannes að hann minnst þess ekki að það erindi hafi verið tekið fyrir af stjórninni. Hann bendir á að bréfið sé stílað á aðstoðarforstjórnann, sem m.a. hafi haft umsjón með fjármálasviði, og það blasi við að hann hefði átt að bregðast við þessu og koma því í lag.

Varðandi síðari aðfinnslur endurskoðandans segir Jóhannes að stjórnin hafi fjallað um það mál og bókað að skuldir eigenda/hluthafa hafi verið frágengnar. Það hafi verið gert með afhendingu víxils sem Fjárfestingafélagið Gaumur ehf. gaf út dags. 20. maí. Jóhannes segir, aðspurður, að hann viti ekki nánar um framkvæmd þess máls en dóttir hans, Kristín, sem er framkvæmdastjóri Gaums, hafi gengið frá því máli af hálfu þess félags.

Jóhannes er þá spurður hvenær víxillinn hafi verið gefinn út og hvenær hann hafi verið afhentur Baugi hf.

Hann segist ekki hafa verið viðstaddur það og vísar því á dóttur hans. Hann segist hafa spurt Jón Ásgeir og Kristínu um þetta mál í tengslum við bréf endurskoðandans dags. 17. maí og stjórnarfundinn 23. maí og þau hafi tjáð sér að málið væri komið á hreint.

Jóhannes er þá spurður hvort hann geti skýrt hvers vegna vextir séu reiknaðir á þennan víxil til 5. september.

Hann segir að það sé fullkomlega eðleigt enda víxillinn ekki greiddur fyrr en á gjalddaga. Hér sé um forvexti að ræða.

#### Lánveitingar sem færst hafa á #74310 "eigendur og stjórnendur - safn":

Jóhannesi er kynnt samantekt endurskoðanda RLS um færslur á þennan reikning í bókhaldi Baugs en mótfærslur eru á viðskiptareikninga viðkomandi eiganda/stjórnanda. Þann 28. ágúst 2002 skulduðu 7 eigendur og stjórnendur Baugs félaginu samtals á þessum reikningslykli kr. 95.478.023.

Jóhannes er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þessar lánveitingar og/eða þessa stöðu í bókhaldi Baugs.

Hann segir að honum hafi verið kunnugt um þetta í kjölfar athugasemda endurskoðandans og þetta hafi verið frágengið með útgáfu fyrrgreinds víxils sem hann segist hafa talið að hefði verið bókaður.

Jóhannes er spurður hvort þessar lánveitingar hafi verið með vitund og samþykki stjórnarinnar eða hvort stjórn Baugs hafi á einhvern hátt fjallað um þessar lánveitingar.

Hann segist ekki muna til þess. Hann segir stjórnina ekki hafa fjallað um þær áður en athugasemdir endurskoðandans komu.

Jóhannes er spurður hvers vegna endurskoðandi Baugs hafi, í fyrrgreindri greinargerð eða á annan hátt, gert stjórn grein fyrir lánveitingum til eigenda og stjórnenda sem bókaðar hafa verið á bókhaldslykli #74310.

Hann segist ekki vita það.

Jóhannes er spurður hvort stjórnendur Baugs hafi haft heimild til að lána sjálfum sér eða öðrum stjórnendum/eigendum með þeim hætti sem gert hefur verið.

Hann segir að það hafi aldrei verið gefin út nein heimild um það en það sýni sig að það hafi verið gert.

Jóhannes er spurður hvers vegna lánveitinga sem bókaðar eru á lykilinn #74310 var ekki getið í árshluta- eða ársreikningum eða skýrslum stjórnar með ársreikningunum.

Hann segir að honum hafi ekki verið kunnugt að það ætti að gera það.

Skv. 8. mgr. 104. gr. laga um hlutafélög skal geta sérhvers láns, framlags og tryggingar skv. þeirri grein í gerðabók stjórnar félagsstjórnar. Hann er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þetta ákveði og hvers vegna lánveitingarnar hafi ekki verið bókaðar.

Hann segist ekki vita til þess að þetta hafi komið til skoðunar.

Jóhannes er spurður hvort hann hafi ekki talið ástlöu til þess að gera stjórn grein fyrir lánveitingu hans til hlutafjárkaupa að fjárhæð kr. 17.039.530.

Hann segist ekki hafa talið ástæðu til þess. Hann segist hafa litið á sjálfan sig sem starfsmann Bagus hf. og hann eigi þar með sama rétt og aðrir starfsmenn til þess að kaupa hlutabréf.

#### Lánveitingar til einstakra eigenda og stjórnenda sem bókaðar voru á #74310:

##### Óskar Magnússon, starfandi stjórnarformaður:

Lánveiting til Óskars Magnússonar að fjárhæð kr. 4.000.000 vegna kaupa á bifreiðinni ZY-617, sem fært var á viðskiptareikning hans 31.12. 1999. Lánið var afskrifað með starfslokasamningi við Óskar dags. 31.12. 2000.

Jóhannes er spurður hvort hann hafi vitað af þessari lánveitingu eða hvort þessi lánveiting hafi verið gerð með vitund og/eða heimild stjórnar Baugs.

Hann segist ekkert um þessa lánveitingu vita.

##### Jóhannes Jónsson, stjórnarmaður:

Lánveiting til Jóhannesar að fjárhæð kr. 17.039.530 þann 13.02. 2001 til hlutabréfakaupa í Baugi, sbr. færsla á viðskiptareikning Jóhannesar. Lánveitingin var gerð upp með vixli sem færður var í bókhaldi Baugs þann 5. september 2002 með dagsetningunni 20. maí 2002.

Jóhannes er spurður hver hafi tekið ákvörðun um að veita honum þetta lán.

Hann segir að Jón Ásgeir hafa tekið ákvörðun um að þessi leið væri fær og tekur fram að mjög hafi verið lagt að þeim eldri og lykilmálefnum að minnka ekki hlut sinn þannig að hann segist hafa ákveðið að skrifa sig fyrir þessum hlutabréfaviðskiptum á þeim forsendum.

Jóhannes er spurður hvort hann hafi átt kauprétt á hlutabréfum í Baugi hf. samkvæmt kaupréttaráætlun sem stjórnin fjallaði um og ríkisskattstjóri samþykkti.

Hann segist telja það, eins og aðrir starfsmenn félagsins.

Hann er þá spurður hvort hann hafi nýtt sér þann kauprétt.

Hann segist hafa gert það á þann hátt að kaupa fyrrgreind bréf og lán vegna þeirra kaupa hefði verið fært á viðskiptareikning hans.

Jóhannesi er þá bent á að svo virðist sem starfsmenn Baugs hf. hafi nýtt sér kauprétt sinn samkvæmt kaupréttaráætluninni á annan hátt en hann hafi gert. Það virðist sem sú framkvæmd hafi verið í föstum skorðum þannig að vegna kaupanna hafi verið gefin út skuldabréf og veð tekin í hlutabréfunum sjálfum auk þess sem þau hafi verið í vörslu Baugs hf. þar til þau voru uppgreidd. Hann er í því sambandi spurður hvers vegna viðskipti hans með hlutabréf hafi ekki fylgt þeirri framkvæmd.

Hann segist ekki geta svarað því.

**Kristín Jóhannesdóttir, stjórnarmaður:**

Lánveiting til Kristínar að fjárhæð kr. 3.786.727 þann 13.02. 2001 til hlutabréfakaupa í Baugi, sbr. færsla á viðskiptareikning Kristínar. Lánveitingin var gerð upp með víxli sem færður var í bókhaldi Baugs þann 5. september 2002 með dagsetningunni 20. maí 2002.

Jóhannes er spurður hver hafi veitt Kristínu þetta lán.

Hann segist ekki geta svarað því.

**Jón Björnsson, framkvæmdastjóri Hagkaupa frá 1998 til des. 2000  
framkvæmdastjóri Baugs-Island frá des. 2000:**

Lánveiting til Jóns Björnssonar vegna kaupa hans á bifreiðinni UX-970 en skv. bókhaldi Baugs var bókfært verð bifreiðarinnar kr. 3.712.273. Baugur virðist hafa selt Jóni bifreiðina á kr. 2.700.000 sem Jón greiddi með greiðslu skuldar Baugs við Heklu að fjárhæð kr. 1.430.000 og láni að fjárhæð kr. 1.270.000.

Einnig lánveiting til Jóns Björnssonar dags. 10.06. 1999 að fjárhæð kr. 5.100.000. Greiðslan var bókuð á viðskiptareikning Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, forstjóra en þegar farið var ofan í þann viðskiptareikning kom í ljós misbókun sem var leiðrétt og færð á Jón Björnsson.

Loks er lánveiting til Jóns Björnssonar að fjárhæð kr. 3.000.000 þann 05.05. 2000 sem bókuð var á "lán til framkvæmdastjóra".

Jóhannes segist ekkert um þessar lánveitingar vita og sjálfur aldrei komið að þeim eða um þær fjallað.

**Jón Scheving Thorsteinsson, framkvæmdastjóri xxxxx frá xxx til maí 2002  
framkvæmdastjóri Baugs-ID frá 2002:**

Lánveitingar sem bókaðar eru á bókhaldslykilinn #74310 "eigendur og stjórnendur" en staðan á þeim lykli var kr. 332.590 þann 28.08. 2002 þegar starfsmenn efnahagsbrotadeildar RLS tóku afrit af bókhaldskerfi Baugs Group hf. í húsleit á starfsstöð fyrirtækisins.

Einnig er lánveiting að fjárhæð kr. 6.800.000 sem bókuð var á #67910 "lán til framkvæmdastjóra" dags. 9. júlí 2001.

Jóhannes segist ekkert um þessar lánveitingar vita og sjálfur aldrei komið að þeim eða um þær fjallað.

**Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group hf. 07.07. 1998 til 03.06. 2002  
starfandi stjórnarformaður frá 03.06. 2002 -**

Frammi liggur hreyfingalisti og fylgiskjöl á bak við færslur á viðskiptareikningi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar.

Staða reikningsins er eftirfarandi:

31.12. 1998	221.298
31.12. 1999	7.048.346
31.12. 2000	19.537.582
28.02. 2002	67.218.559
28.08. 2002	72.914.730

Ætluðum ólögætum lánveitingum til Jóns Ásgeirs, sem bókaðar eru á viðskiptareikning hans, hefur verið skipt í fjóra megin flokka:

Endurgreiddir reikningar	kr. 9.044.743
Greiddir greiðslukortareikningar	kr. 29.103.513
Beinar lánveitingar	kr. 14.800.000
Lánveiting vegna hlutabréfakaupa	kr. 17.039.530
Samtals:	kr. 69.987.786

Fyrir liggja sundurliðaðir listar sem fylgja skýrslu endurskoðenda RLS á bak við hvern lið fyrir sig

Jóhannes er fyrst spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þessar lánveitingar og þessa stöðu á viðskiptareikningi Jóns Ásgeirs.

Hann segir að honum hafi verið alls ókunnugt um þetta, ekki komið að þessum málum sjálfur og ekki um þau fjallað fyrir utan það sem þegar er komið fram fyrir í skýrslunni.

Jóhannes er spurður hvaða heimildir Jón Ásgeir eða aðrir stjórnendur Baugs hf. hafi haft til þess að láta færa lánveitingar á viðskiptareikninga sína hjá félaginu.

Jóhannes segist ekki vilja svara þessari spurningu.

Jóhannes er spurður hvort í gildi hafi verið einhverjar reglur varðandi lánveitingar til stjórnenda Baugs hf. eða færslur á viðskiptareikninga þeirra.

Hann segist ekki hafa vitað til þess.

**Fjárfestingafélagið Gaumur ehf.**

Jóhannes er kynntur kafli 3.1. í greinargerð endurskoðenda RLS varðandi lánveitingar til Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. Staða Gaums í bókhaldi Baugs þann 28. ágúst 2002 (við hútleit RLS) var kr. 244.347.997. Skuldin var gerð upp með vixli sem færður var í bókhaldið þann 5. september 2002 en dagsett í bókhaldi Baugs þann 20. maí 2002.

Endurskoðendur RLS hafi skipt lánveitingum til Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. í fjóra megin flokka, sbr. skýrsla þeirra:

Reikningar sem Baugur hefur sent Gaumi - 1998-2001

Beinar lánveitingar/peningagreiðslur – 1999-2001  
 Lánveitingar vegna hlutabréfakaupa Gaums í Baugi Group hf. - 2001  
 Útlagður kostnaður Baugs fyrir Gaum - 1999-2001

Jóhannes er spurður hvort hann hafi vitað af þessum lánveitingum.

Jóhannes bendir á að viðskipti Gaums ehf. og Baugs hf. hafi verið mikil allt frá upphafi og hér virðist um eðlileg viðskipti á milli félaganna að ræða.

Að öðru leyti vísar hann alfarið þessu máli á Jón Ásgeir og Kristínu sem forráðamenn Gaums og Baugs.

Voru þessar lánveitingar gerðar með vitund og/eða heimild stjórnar Baugs.

Hann segir að stjórn Baugs hf. hafi verið ókunnugt um þetta mál fyrir skýrslu endurskoðanda dags. 17. maí.

#### Fjárfar ehf.

Jóhnesi er kynntur kafli 3.2 í skýrslu endurskoðanda RLS varðandi lánveitingar til Fjárfars ehf. og undirgögn kaflans.

Fjárfar ehf. hefur fengið lán vegna hlutabréfakaupa í Baugi þann 16. maí 2000 kr. 64.500.000 og þann 13. febrúar 2001 kr. 85.758.591. Þessi lán eru ógreidd.

Skv. bókhaldi Baugs hefur félagið lánað Fjárfari ehf. kr. 50.000.000 dags. 30. júní 2000 vegna kaupa Fjárfars á hlutabréfum í Baugur.net. Þetta lán er síðan bakfært þann 21. febrúar 2002.

Staða Fjárfars ehf. í bókhaldi Baugs hf. þann 28. ágúst 2002 er kr. 168.883.376.

Jóhannes er spurður hvort honum eða stjórninni hafi verið kunnugt um þessar lánveitingar til Fjárfars ehf.

Hann segist ekki telja það.

Jóhannes er spurður hvernig Fjárfar ehf. tengist Baugi hf. eða aðaleigendum Baugs hf.

Hann segir ekki vilja tjá sig um það á þessu stigi, hann þurfi að afla nánari upplýsinga um það áður en hann svarar því.

Jóhannes er spurður hver hafi tekið ákvarðanir um þessar lánveitingar og á hvaða forsendum þær hafi verið gerðar.

Hann segist ekki vita það.

Jóhannes er spurður hvort þessara lánveitinga hafi verið getið í ársreikningum Baugs eða skýrslu stjórnar.

Hann segir að honum hafi verið ókunnugt um að skylt væri að tilgreina stöðu Fjárfars ehf. og segist ekki vita hvort hún er tekin fram í ársreikningum Baugs hf.

Vísað er í greinargerð ytri endurskoðanda Baugs hf., Stefáns Hilmarssonar, dags. 17. maí á bls. 1 þar sem greint er frá skuld Fjárfars ehf. Þar kemur fram að unnið sé að “uppgjöri á skuld Fjárfars ehf. við Baug hf. með útgáfu skuldabréfs.” Jóhannes er beðinn að gera nánari grein fyrir þessu uppgjöri en



vakin athygli á því að staða viðskiptareiknings Fjárfars ehf. var óbreytt þann 28. ágúst 2002 þegar hútleit var gerð á starfsstöð Baugs hf.

Jóhannes segir að hann geti á þessari stundu ekki tjáð sig um þetta.

### **Kaupþing hf.**

Staða viðskiptareiknings Kaupþings hf. í bókhaldi Baugs hf. var kr. 204.066.853 þann 28. ágúst 2002 þegar gerð var hútleit á starfsstöð Baugs og bókhaldskerfi félagsins afritað. Kaupþing hf. er einn af stærstu huthöfum í Baugi hf.

Jóhannes segist ekkert vita um samskipti við Kaupþing hf. og því ekki geta tjáð sig um það.

### **Jón Gerald Sullenberger, framkvæmdastjóri Nordica:**

Samkvæmt bókhaldi Baugs hf. fékk Jón Gerald lán hjá Baugi vegna hlutabréfakaupa í félaginu kr. 4.350.000. Engir vextir hafa verið reiknaðir á skuldina frá því að hún var fyrst bókuð og engar greiðslur hafa borist frá Jóni Gerald á móti þessari kröfu.

Jóhannes er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um að Jón Gerald var hluthafi í Baugi hf.

Hann segir að honum hafi verið ókunnugt um það.


Jóhannes er spurður hvort hann hafi haft vitneskju um þessa lánveitingu.

Hann segist ekki hafa haft hugmynd um hana.

Verjandi Jóhannesar vill taka fram að hann óski afrits af rannsóknargögnum málsins.

Yfirheyrslu lauk kl. 12:03.


Upplesio staðfest rétt eftir haft:



Guinfaur Sveinsson (hll)

Viðstaddur yfirheyrslu:

Skýrsluna skráði:



2/2.4

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNADUR	R L S	
Skýrslu gerir		Mál nr.	
Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi		006-2002-0086	
Staður og stund:	Reykjavík – Laugardaginn 5. apríl 2003. Klukkan 14:00.		
Sakarefni:	Ætluð umboðssvik – 249. gr. Alm. Hgl..		
Sakborningur/grunaður:	Jóhannes Jónsson	Kennitala:	310840-3009
Stari/staða:	Verslunarmaður	Vinnusími:	894 1777
Lögheimili:	Hrafnabjörg 4, Akureyri	Sími:	
Dvalarstaður:		Sími:	

Jóhannes er mættur til yfirheyrslu samkvæmt boðun. Honum er kynnt að við þessa skýrslutöku verði farið yfir erlenda bankaábyrgð nr. G0412-1150 að fjárhæð USD 135.000.- sem stofnað var til af Bónus sf. í gegnum SPRON og Sparisjóðabankann þann 18.07.1996. Þessi bankaábyrgð mun hafa verið notuð sem trygging fyrir bankaláni sem Jón Gerald tók í nafni Nordica Inc. vegna kaupa á bátnum Icelandic Viking, í júlí 1996.

Þann 30.11.1998 var Bónus sf. tekið úr firmaskrá hjá Sýslumanninum í Reykjavík og Baugur hf yfirtók frá þeim tíma allar eignir og skuldbindingar félagsins.

Jóhannesi er kynnt að sakarefnið varði ætluð umboðssvik gagnvart Baugi hf vegna þessarar bankaábyrgðar sem gjaldfelld var þann 28.11.2002, en gjaldfærslan var að fjárhæð kr. 12.219.990,-. Jóhannesi er kynnt að hann njóti réttarstöðu sakbornings við þessa yfirheyrslu og að honum sé ekki skylt að svara spurningum um sakarefnið en brýnt fyrir honum að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kanna að skipta.

Viðstaddur yfirheyrsluna er skipaður verjandi Jóhannesar, Einar Þór Sværriðsson, hdl.

Jóhannes er beðinn um að gera grein fyrir aðkomu sinn að því að Bónus sf. stofnaði til þessarar erlendu bankaábyrgðar hjá SPRON þann 18.07.1996.

Jóhannes segir að stofnað hafi verið til þessarar erlendu bankaábyrgðar í nafni Bónus sf. vegna vöruviðskipta Nordica Inc. við Bónus sf. Jóhannes segir að Jón Gerald og Nordica Inc hafi ekki fengið fyrirgreiðslu varðandi vöruviðskipti í Bandaríkjunum án trygginga fyrir vörukaupunum. Þess vegna hafi Jón Gerald óskað sérstaklega eftir því að Bónus sf. gengist í ábyrgð fyrir vörukaupum hans, vegna vörusölu Nordica Inc til Bónus sf.

Jóhannes segir að þessi ábyrgð hafi verið opin allar götu síðan, þar til hún var gjaldfelld nú fyrir skömmu. Jóhannes segir að kallað hafi verið eftir skýringum á því frá Sparisjóðabankanum hvernig bankaábyrgðin hefði verið notuð af Nordica Inc öll þessi ár, en engar skýringar hafi borist frá bankanum.

Undir Jóhannes er borinn framburður Jóns Geralds Sullenberger sem hann gaf hjá lögreglu þann 25.03.2003, sú yfirheyrsla varðaði þessa erlendu bankaábyrgð. Jóhannesi er kynnt að við þá yfirheyrslu hafi Jón Gerald meðal annars sagt:

*Jón Gerald segir að eins og komið hafi fram í fyrri framburðum hans í þessu máli þá hafi hann og Jón Ásgeir ákveðið að kaupa saman skemmtibát á Flórída.....*

06805

.....Þeir hafi jafnframt ákveðið að fjármagna kaupin á þessum bát með því að taka lán hjá Ready State Bank að fjárhæð USD. 135.000,-.

Jón Gerald segir að sökum þess að hann var búsettur í Bandaríkjunum og með rekstur þar, auk þess sem hann kveðst hafa verið í viðskiptum við Ready State Bank, hafi þeir Jón Ásgeir verið sammála um að Jón Gerald myndi sækja um þetta lán í nafni Nordica Inc. Þeir hafi einnig verið sammála um það að skipta greiðslum varðandi lánið jafnt á milli sín, þannig að Jón Ásgeir myndi greiða helminginn af afborgunum af þessu láni. Jón Gerald kveðst hafa leitað til bankans og óskað eftir láni að fjárhæð USD. 135.000.- vegna kaupa á bátnum. Hann segir að bankinn hafi krafist ábyrgðar varðandi þetta lán og ekki hafi verið mögulegt að setja veð á bátinn til tryggingar láninu.

Jón Gerald kveðst hafa skýrt Jóni Ásgeiri og Jóhannesi frá því að bankinn krefðist ábyrgðar gagnvart þessari lánveitingu. Hann segir þá fegða hafa fundist það lítið mál og verið reiðubúinir að opna bankaábyrgð í gegnum viðskiptabanka Bónus sf. á Íslandi vegna þessa láns. Jón Gerald segir að þeir feðgar hafi gengið frá því að útbúin erlend bankaábyrgð nr. G0412-1150 í SPRON, líklegast útbúinu á Seltjarnarnesi.

Jóhannes er beðinn um að taka afstöðu til þessa framburðar Jóns Geralds.

Jóhannes kveðst ekki skilja þessar röksemdir Jóns Geralds. Hann kveðst ekki kannast við það sem komi fram Jóni Geraldi og kveðst ekkert frekar hafa um þennan framburð að segja.

Undir Jóhannes er borið símbréf frá Sparisjóðabanka Íslands sem stílað er á Bónus sf. og dagsett 27.07.1996 og varðar skilmálabreytingu á þessari bankaábyrgð. Á skjalinu má sjá undirritun Jóhannesar og hann spurður hvort hann þekki skjalið aftur og geti gert grein fyrir því.

Jóhannes kveðst þekkja undirskrift sína á skjalinu og að hafa undirritað það. Hann kveðst hins vegar ekkert geta sagt um þessa skilmálabreytingu.

Jóhannesi er kynntur framburður Hildar Högnadóttur, starfsmanns Sparisjóðabankans, en hún gaf skýrslu hjá lögreglu þann 20. mars 2003 og hafði eftirfarandi að segja um þetta símbréf:

Þann 24. júlí 1996 kveðst Hildur hafa fengið í hendur breytingar á skilmálum umræddrar bankaábyrgðar frá SPRON, sem hún kveðst telja að hafi borist SPRON frá erlenda bankanum. Hún segir að samkvæmt breytingarskilmálunum hafi ábyrgðinni verið breytt þannig að þar kemur fram að ábyrgðarþegi er Ready State Bank og öllum skilmálum sleppt, nema yfirlýsingu frá Ready State Bank þess efnis að Nordica Inc hafi ekki staðið við greiðsluskuldbindingar sínar gagnvart bankanum. Þessi breyting hafi lítið þannig út að Bónus sf. hafi verið að taka á sig USD 135.000.- ábyrgð á öllum viðskiptum Nordica gagnvart þessum erlenda banka, Ready State Bank.

Hildur segir að í ljósi þessara grundvallarbreytinga á skilmálum ábyrgðarinnar hafi hún sent símbréf á Bónus sf. sama dag, þann 24.07.1996 og í því símbréfi útskýrt hvaða breytingar fælust í þessum skilmálabreytingum. Kveðst Hildur í símbréfinu hafa óskað eftir samþykki forsvarsmanna Bónus sf. á þessum skilmálabreytingum.

Hildur kveðst hafa fengið þetta símbréf sent til baka frá Bónus sf. með undirrituðu samþykki Jóhannesar Jónssonar. Við svo búið kveðst Hildur hafa gengið frá þessum skilmálabreytingum á erlendu bankaábyrgðinni, ásamt því að SPRON samþykkti skilmálabreytinguna einnig.

Jóhannes er spurður hvort hann hafi eitthvað um framburð Hildar að segja.

Jóhannes kveðst ekkert hafa um framburð Hildar að segja. Hann kveðst telja að þessari bankaábyrgð hafi áfram verið ætlað að greiða götu Jóns Geralds eða Nordica Inc til að hann gæti stundað vöruviðskipti við Bónus sf.

Undir Jóhannes er borinn framburður Jóns Geralds Sullenberger sem hann gaf hjá lögreglu þann 25.03.2003, sú yfirheyrsla varðaði þessa erlendu bankaábyrgð. Jóhannesi er kynnt að við þá yfirheyrslu hafi Jón Gerald meðal annars sagt:

*Jón Gerald segir að Ready State Bank hafi ekki getað samþykkt þessa skilmála bankaábyrgðarinnar frá Bónus sf. sökum þess að umsóknin um lánið að fjárhæð USD. 135.000,- varðaði kaup á báti, en ekki vöruviðskipti Bónus sf. og Nordica Inc. Fulltrúar Ready State Bank hafi því gert kröfur um breytingar á bankaábyrgðinni. Ef hún ætti að samþykkjast af bankanum yrði að eyða út þeim skilmálum bankaábyrgðarinnar sem snéri að vöruviðskiptum Bónus sf og Nordica Inc og gera ábyrgðina opnari.*

*Jón Gerald kveðst hafa látið þá feðga vita af þessu vandamáli og sagt þeim að það yrði að breyta skilmálum bankaábyrgðarinnar ef þessi lánveiting ætti að ganga eftir. Þeir Jón Ásgeir og Jóhannes hafi samþykkt það athugasemdalaust að láta breyta bankaábyrgðinni frá Bónus sf. Jón Gerald kveðst hafa fengið í hendur samþykki Bónus sf. fyrir þessum breytingum á skilmálum ábyrgðarinnar. Það hafi verið þann 24.07.1996 undirritað af Jóhannesi Jónssyni. Eftir breytinguna á skilmálum bankaábyrgðarinnar hafi hún verið alveg opin bankaábyrgð og hægt að nota hana til að fá lánið frá Ready State Bank að fjárhæð USD. 135.000.-.*

Jóhannes er beðinn um að taka afstöðu til þessa framburðar Jóns Geralds.

Jóhannes kveðst hafa undirritað þetta skjal frá Sparisjóðabankanum í góðri trú og talið þetta varða áfram ábyrgð vegna vöruviðskipta Nordica Inc við Bónus sf. Hann kveðst ekki minnst þess að hafa átt neinar viðræður við Jón Gerald um lántökur vegna kaupa á bát á Flórída og kannast ekki við að þessi bankaábyrgð hafi blandast neitt inn slíkar lántökur.

Undir Jóhannes er borið ljósrit af umræddu láni frá Ready State Bank að fjárhæð USD 135.000,- sem dagsett er þann 19. ágúst 1996 og er Nordica Inc skáður lántakandi. Jóhannes er spurður hvort hann hafi séð þetta skjal áður og jafnframt hvort hann geti gert grein fyrir því, en á skjalinu má sjá að umrædd bankaábyrgð í nafni Bónus sf. nr. G0412-1150 er skráð sem trygging fyrir láninu.

Jóhannes kveðst aldrei hafa séð þetta skjal áður og ekki verið kunnugt um það að þessi ábyrgð frá Bónus sf. hafi verið þar sem trygging fyrir láninu.

Jóhannes er spurður hvort hann kunnir skýringu á því að þessi erlenda bankaábyrgð var gjaldfelld eftir að viðskiptum Nordica Inc og Baugs hf eða undirfyrirtækjum þess lauk.

Jóhannes kveðst ekki kunna neina skýringu á því. Hann segir að það geti þó verið að einhver tími líði frá því að vanefndir á viðskiptum eiga sér stað þar til gengið sé á slíka ábyrgð.

Jóhannesi er kynnt að Jón Gerald hafi einnig skýrt frá því við yfirheyrsluna þann 25.03.2003 að hann hafi fengið greiðslu frá Bónus sf þann 17.06.1996 að fjárhæð um USD 30.000,- vegna kaupanna á þessum bát. Jóhannes er beðinn um að taka afstöðu til þess.

Jóhannes kveðst ekki vita neitt um slíka greiðslu.

Jóhannes er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.


Jóhannes vill taka það fram að lokum að þeir feðgar hafi rekið félagið Gaum ehf á þessum tíma. Ef þeir hefðu lagt fram ábyrgð vegna þessarar bátaviðskipta þá hefði það verið gert í nafni Gaums ehf, en ekki Bónus sf. Jóhannes bendir í því sambandi á þá kröfu sem Gaumur ehf eigi á Jón Gerald og Nordica Inc vegna bátaviðskiptanna í heild sinni. Jóhannes tekur það fram að að þeir hafi ekki átt Bónus sf einir á þessum tíma, heldur hafi Bónus verið sameignarfélag, þannig hefði aldrei komið til greina að nota þessa bankaábyrgð í annað en sem tryggingu fyrir vöruviðskiptum.

Jóhannes kveðst nú ekkert fleira hafa um málið að segja.

Yfirheyrslu lauk kl. 15.00.


Upplesið staðfest rétt eftir haft:

Skýrsluna skráði:

  
Jóhannes Jónsson

  
Sveinn I. Magnússon

Verjandi Jóhannesar:

  
Einar Þor Sverrisson, hdl.

Ostund er ekkert afrit af vörðun-  
gögnum málsins



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	R L S	
Skýrslu gerir 9813 Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-00086	17/25	
Staður og stund: Mánudagur 27. júní 2005 kl. 9:12 – Skrifstofa RLS, Skúlagötu 21, Reykjavík			
Sakarefni: Rannsókn á ætluðum brotum forráðam. Baugs hf. og skyldra félaga – Vöruveltan hf./Litla fasteignafélagið ehf.	Kennitala: 310840-3009		
Sakborningur/grunaður: Jóhannes Jónsson	Vinnusími:		
Starf/staða:	Sími: 461 2004/894 1777		
Lögheimili: Hrafnabjörgum 4, 600 Akureyri	Sími:		
Dvalarstaður:			

Jóhannes Jónsson er mættur til yfirheyrslu á skrifstofu Ríkislögreglustjórans samkvæmt boðun. Honum er kunnert um tilefni yfirheyrslunnar, sem er opinber rannsókn á ætluðum brotum forráðamanna Baugs hf. og skyldra félaga í tengslum við kaup hlutafjár í Vöruveltunni hf. á árunum 1998 og 1999. Enn fremur er til rannsóknar ætluð refsiverð háttsemi er lýtur að kaupum og sölu fasteigna til og frá Litla fasteignafélaginu ehf. á árunum 1998 og 1999.

Jóhannes nýtur réttarstöðu sakbornings við rannsókn málsins samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, en vafi þykir vera á hans aðkomu að þeirri ætluðu refsiverðu háttsemi sem til rannsóknar er. Sú aðkoma er vegna stöðu Jóhannesar hjá Fjárfestingarfélaginu Gaumi ehf. Sökum vafans þykir rétt að Jóhannes hafi þessa réttarstöðu vegna réttarfarshagsræðis. Jóhannesi er kunnert að grunur sé um að fjármunir hafi á árinu 1999 runnið til Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. vegna kaupa Jóns Ásgeirs Jóhannessonar á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. á árinu 1998, sem og síðar verður rakið. Enn fremur er grunur um að söluhagnaður af sölu fasteigna, er keyptar voru til Litla fasteignafélagsins ehf. frá Vöruveltunni hf. og síðan seldar Fasteignafélaginu Stoðum hf., hafi runnið til Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. á árinu 1999. Sú háttsemi sem til rannsóknar er þykir kunna varða við XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þá aðallega við 247. gr. um fjárdrátt, 248. gr. um fjársvik og 249. gr. um umboðssvik. Enn fremur eru til rannsóknar ætluð brot á lögum um bókhald nr. 145/1994 vegna félaganna Fjárfars ehf., Klukkubúða/Vöruveltunnar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf., en grunur er um að ætluð refsiverð háttsemi sem til rannsóknar er hafi meðal annars verið drygð í starfsemi þessara félaga.

Jóhannesi er kunnert réttarstaðan um að honum sé óskilyt að svara spurningum um þá ætluðu refsiverðu háttsemi sem hann verður yfirheyrður um, sbr. 3. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Brynt er fyrir Jóhannesi að ef hann kjósi að tjá sig um hið ætlaða sakarefni að skýra þá satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kunni að skipta, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1991. Jóhannesi er enn fremur kunnert að hann þurfi ekki að skýra frá atriðum sem kunna að varpa sök á venslamenn hans.

Aðspurður segir Jóhannes að hann skilji þau ákvæði réttarfarlaga er honum hafa verið gjörð kunn. Með Jóhannesi er mættur Einar Þór Sverrisson, héraðsdómslögmaður og dómskipaður verjandi Jóhannesar við opinbera rannsókn málsins.

Jóhannesi er kunnert að samkvæmt 3. mgr. 33. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og reglugerðar um réttarstöðu handtekinna manna og yfirheyrslna hjá lögreglu nr. 395/1997 geti hann ráðfært sig við verjanda sinn áður en hann svarar spurningu við yfirheyrsluna, sem beint er til hans, svo fremi sem yfirheyrandi telji það eigi trufla yfirheyrsluna.

Yfirheyrslan fer þannig fram að skýrsla er rituð og skráð í tölvu. Spurningar og eftir atvikum gögn eru lögð fyrir Jóhannes og svör hans við þeim bókuð eftir honum í óbeinni ræðu. Jóhannesi verður við

06309

AP

yfirheyrsluna gefinn kostur á að kynna sér umrædd fyrirliggjandi gögn. Enn fremur verður honum gefinn kostur á að hrekja þær forsendur sem grunur er reistur á og koma á framfæri skýringum sér til hagsbóta.

Jóhannes er spurður um afstöðu til þess ætlaða sakarefnis sem honum hefur nú verið kynnt; hvort hann vilji tjá sig sjálfstætt um það, hrekja það eða koma á framfæri skýringum sér til hagsbóta.

Jóhannes segir að hann vilji taka fram að hann hyggist hvorki tjá sig um ætlað sakarefni sem hann verður spurður um við yfirheyrsluna né svara spurningum rannsóknara. Enn fremur segir Jóhannes að hann telji að hann hafi ekki neinu við að bæta umfram það sem þegar hefur komið fram við yfirheyrslur vegna þessa máls



**Gögn frá hlutafélagaskrá****Baugur hf.**

Jóhannesi er sýnd samantekt Ríkislögreglustjórans á upplýsingum úr hlutafélagaskrá um stofnun, stjórn og feril breytinga á skipan stjórnar og fleira í Baugi Group hf. (áður Baugur hf.) Samkvæmt umræddri samantekt er Jóhannes sagður hafa gegnt starfi stjórnarmanns í Baugi hf. frá stofnun félagsins 7. júlí 1998 og til að minnsta kosti 3. júní 2002, en samantektin nær til þess tíma.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/16.1

Jóhannes er spurður hvort þetta séu réttar upplýsingar; hvort hann hafi gegnt starfi stjórnarmanns í Baugi á þessu tímabili.

Jóhannes segir að þetta séu réttar upplýsingar hvað hann varðar.

**Fjárfestingarfélagið Gaumur ehf.**

Jóhannesi er sýnd samantekt Ríkislögreglustjórans á upplýsingum um skipan stjórnar og fl. í Fjárfestingarfélaginu Gaumi ehf. Samantektin er byggð á upplýsingum sem Ríkislögreglustjórinn aflaði frá hlutafélagaskrá. Samkvæmt samantektinni hefur nafni einkahlutafélagsins Ísaldí, sem stofnað var 10. febrúar 1989, verið breytt í Fjárfestingarfélagið Gaumur ehf. 6. nóvember 1998. Samkvæmt samantektinni er Jóhannes sagður hafa gegnt starfi framkvæmdastjóra félagsins frá stofnun þess og til 27. ágúst 1999 (dags. móttöku 8. sept. 1999). Jóhannes er sagður hafa tekið við starfi stjórnarformanns 27. ágúst 1999 og virðist hann hafa gegnt því starfi til þess tíma sem samantektin nær til, 10. desember 2001. Jóhannesi er gefinn kostur á að kynna sér fyrirbyggjandi gögn frá hlutafélagaskrá sem samantektin byggir á.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/17.1

Jóhannes er spurður hvort þetta séu réttar upplýsingar hvað hann varðar.

Jóhannes segir að þetta séu réttar upplýsingar, en um sé að ræða fjölskyldufyrirtæki í þrengstu merkingu þess orðs. Jóhannes segir að hann hafi gegnt starfi framkvæmdastjóra félagsins ásamt syni sínum, Jóni Ásgeiri Jóhannessyni á þessu tímabili.

Jóhannesi er kunnert að í yfirheyrslu hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 11. júní 2005, hafi Jón Ásgeir Jóhannesson skýrt svo frá að hann hafi gegnt starfi framkvæmdastjóra Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf., m. a. á árunum 1998 og 1999. Samkvæmt upplýsingum frá hlutafélagaskrá verður hins vegar ekki séð annað en að Jóhannes hafi gegnt starfi framkvæmdastjóra félagsins á því tímabili, og sem áður segir til 27. ágúst 1999.

- Skjal rannsóknargagna nr. V/4.18

Jóhannes er spurður hvort Jón Ásgeir hafi gegnt starfi framkvæmdastjóra Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf.

Jóhannes segir að hann muni það ekki nákvæmlega.

**Fjárfar ehf.**

Jóhannesi er sýnd samantekt Ríkislögreglustjórans á upplýsingum um skipan stjórnar og fl. í Fjárfari ehf. Samantektin er byggð á upplýsingum sem Ríkislögreglustjórinn aflaði frá hlutafélagaskrá. Samkvæmt samantektinni hefur félagið Fjárfar verið stofnað af þeim Sigfúsi R. Sigfússyni og Arnfinni Sævari Jónssyni 11. nóvember 1998. Jóhannes er sagður hafa komið inn í stjórn félagsins 5. apríl 2002.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/25.1.0

Jóhannes er spurður hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Jóhannes segir að hann muni það ekki.



Jóhannes er spurður hvort hann hafi haft einhverja aðkomu að stofnun þessa félags.

Jóhannes segir að hann muni ekki til þess.

**Baugur-Aðföng ehf.**

Jóhannesi er sýnd samantekt Ríkislögreglustjórans á upplýsingum um skipan stjórnar o. fl. í Baugi-Aðföngum ehf. Samantektin er byggð á upplýsingum sem Ríkislögreglustjórinn aflaði frá hlutafélagaskrá. Samkvæmt samantektinni hefur Baugur sf. orðið að Baugi-Aðföngum ehf., dags. 30. júní 1998. Baugur-Aðföng ehf. hefur síðan sameinast Baugi hf., dags. 30. nóvember 1998, samkvæmt samrunaáætlun þar að lútandi. Samkvæmt téðri samantekt er Jóhannes sagður hafa gegnt starfi stjórnarmanns hjá félaginu frá 28. júlí 1994 til 30. nóvember 1998.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/25.9.0

Jóhannes er spurður hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Jóhannes segir að hann muni það ekki.

**Klukkubúðir hf. (síðar Vöruveltan hf.)**

Jóhannesi er sýnd samantekt Ríkislögreglustjórans á upplýsingum um skipan stjórnar o. fl. í Klukkubúðum hf. (síðar Vöruveltan hf.). Samantektin er byggð á gögnum sem Ríkislögreglustjórinn aflaði frá hlutafélagaskrá. Samkvæmt samantektinni hefur umrætt félag, Klukkubúðir, verið stofnað 4. desember 1998. Nafni félagsins hefur síðan verið breytt í Vöruveltuna hf. 23. desember 1998, en félagið hefur síðan runnið inn í Baug hf. 8. júní 2000 samkvæmt samrunaáætlun.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/25.11.0

Jóhannes er spurður hvort hann hafi haft einhverja aðkomu að stofnun þessa félags.

Jóhannes segir að hann muni ekki nákvæmlega hver aðkoma hans að stofnun þessa félags hafi verið, en hann hafi þó vitað til þess að þetta félag hafi verið stofnað.

Jóhannesi er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Björns Árnasonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 18. júní 2005. Björn var þá spurður hvort hann hefði haft einhverja aðkomu að kaupum eða fjármögnun hlutfjár í Vöruveltunni hf.:

- Skjal rannsóknargagna nr. IV/62.1

*Björn segir að hann hafi enga aðkomu haft að því. Björn segir að annaðhvort á árinu 1997 eða 1998 hafi hann ásamt föður sínum, Árna Samúelssyni, farið á fund þeirra Jóhannesar Jónssonar og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Björn segir að þessi fundur hafi verið í húsnæði Bónus að Skútuvogi og verið mjög óformlegur. Björn segir að þeir Jóhannes og Jón hafi spurt hann og föður sinn, hvort þeir hefðu áhuga á að koma að fjármögnun 10-11. Björn segir að hvorki hann né faðir hans hefðu haft áhuga á því, en þeir hefðu áður verið í matvörubúðarekstri í Keflavík nokkrum árum áður og ekki haft áhuga á að fara aftur í þess konar rekstur. Björn segir að mál þetta hafi ekki verið rætt frekar eftir þetta.*

*Björn segir að stuttu síðar hafi annaðhvort Jóhannes eða Jón Ásgeir haft samband við hann og spurt hvort hann hefði áhuga á að sitja í varastjórn einhvers félags, sem stofna ætti. Björn segir að hann hafi samþykkt það og hafi hann í því sambandi undirritað einhverja pappíra vegna stofnun þess félags. Björn segir að hann hafi síðan aldrei heyrt um félagið eða vitað um afdrif þess, alltént hafi hann aldrei verið kallaður á fund eða þvíumlíkt vegna þess. Björn segir að hann muni ekki nákvæmlega nafn þessa félags.*

Jóhannesi er enn fremur kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Björns Árnasonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 18. júní 2005. Borin voru þá undir Björn gögn frá hlutafélagaskrá um Klukkubúðir hf. og hann spurður hvort þær upplýsingar sem kæmu fram væru réttar:

- Skjal rannsóknargagna nr. IV/62.1

*Björn segir að þetta sé það félag sem hann hafi verið fenginn til að sitja í stjórn fyrir og hafi áður lýst. Aðspurður segir Björn að hann muni ekki hvort hann hafi átt samskipti við Jón Ásgeir eða Jóhannes vegna þessa máls, en líklega hafi það þó verið Jóhannes. Björn segir að samkvæmt því sem hann best muni hafi hann komið í húsnæði Bónus að Skútuvogi og undirritað þessara pappíra. Björn segir að þetta hafi verið vinargreiði við þá feðga, en á þeim tíma hafi faðir hans, Árni, og Jóhannes þekkt frá gamalli tíð.*

Jóhannes er spurður um afstöðu til þessa framburðar Björns.

Jóhannes segir að hann staðfesti þennan framburð Björns eins langt og hann muni.

**Vöruveltan hf. – kaup á hlutabréfum****Kaupsamningur, dags. 7. október 1998**

Jóhannesi er sýnt afrit af kaupsamningi vegna kaupa á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. kt. 511091-1369, að nafnvirði 4.600.000,- króna, dags. 7. október 1998. Samkvæmt umræddum samningi gerðu seljandi, Helga Gísladóttir kt. 170857-2089 fyrir sína hönd og/eða hlutafélags sem eigenda 100% hlutafjár í Vöruveltunni hf. og umboðsmaður kaupanda, Jón Ásgeir Jóhannesson kt. 270168-4509, með sér samning um kaup á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. Kaupsamningurinn er undirritaður af Helgu Gísladóttur, Eiríki Sigurðssyni og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og vottaður af Grétari Haraldssyni kt. 060335-7299, hæstaréttarlögmanni og Ragnari Tómassyni kt. 300139-7019, lögfræðingi. Umsamið kaupverð alls hlutafjárins var sagt vera kr. 1.150.000.000,- og skyldi greiðast eftirfarandi:

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.2

1. Hinn 8. október 1998	kr.	200.000.000,-
2. Hinn 5. nóvember 1998	kr.	800.000.000,-
3. Með vixli pr. 1. 3. 1999 (verðbætur gerðar upp sér)	kr.	150.000.000,-
		-----
	Kr.	1.150.000.000,-

Jóhannes er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þennan samning á þeim tíma sem hann var gerður.

Jóhannes segir að honum hafi verið kunnugt um að Jón Ásgeir hafi gert þennan samning, en hann hafi enga aðkomu haft að samningsgerðinni sjálfur. Jóhannes segir að áhugi hans og fleiri hafi verið til staðar á að kaupa þetta félag. Jóhannes segir að með þessu hafi menn viljað tryggja að Vöruveltan hf. færi í viðskipti við Aðföng á þessum tíma, en ekki í viðskipti annað.

Jóhannes er spurður hvort Jóni Ásgeiri Jóhannessyni hafi verið falið af stjórn Baugs hf. umboð til að ganga til samninga við hjónin Helgu Gísladóttur og Eirik Sigurðsson um kaup hlutafjár Vöruveltunnar hf. með umræddum samningi frá 7. október 1998.

Jóhannes segir að hann muni það ekki nákvæmlega, en hins vegar hafi það verið samþykkt á endanum og félagið skilað góðum arði fyrir eigendur Baugs hf.

**Greiðsla á kr. 200.000.000, sem fara átti fram 8. október skv. kaupsamningi 7. október 1998**

Jóhannesi er sýnt afrit af viðskiptakvittun SPRON vegna greiðslu á kr. 200.000.000, dags. 8. október 1998. Jóhannesi er samhliða þessari afrituðu kvittun sýnt afrit af reikningsyfirliti Baugs-Aðfanga ehf.<sup>1</sup> nr. 1151-26-156, dags. 30. september 1998; ljósrit af tékka, útgefnum af SPRON, stíluðum á Helgu Gísladóttur og framseldur af sömu, dags. 8. október 1998; afrit af viðskiptakvittun SPRON vegna innlagnar á kr. 200.000.000 á reikning Helgu Gísladóttur nr. 0327-26-001706, dags. 9. október 1998.

- Skjöl rannsóknargagna nr. II/50.2.1, II/50.2.2, II/50.2.3 og II/50.2.4

Jóhannesi er kunnbert að grunur sé um að þetta hafi verið fyrsta greiðslan samkvæmt kaupsamningum. Grunur er um að greiðslan hafi í fyrstu verið fjármögnuð þannig að kr. 200.000.000 voru teknar af reikningi frá Baugi-Aðföngum ehf. (dótturfélagi Baugs hf.), nr. 1151-26-000156 og umrædd fjárhæð í framhaldi lögð inn á bankareikning SPRON nr. 1151-26-009999. SPRON hafi síðan útbúið tékka í eigin

<sup>1</sup> Hér virðist hafa verið gerð nafnabreyting á umræddum reikningi, en hann bæði Baugur-Aðföng ehf. og Baugur sf. eru sögð vera reikningseigendur.

nafni stílaða á Helgu Gísladóttur. Fyrir liggur að tékkinn var innleystur 9. október 1998, og fjárhæðin lögð inn á reikning Helgu nr. 0327-261708.

Jóhannes er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þessa ráðstöfum.

Jóhannes segir að honum hafi ekki verið kunnugt um það, en hins vegar telji hann að Jón Ásgeir hafi haft umboð til þess arna, bæði sem framkvæmdastjóri félagsins og stærsti eigandi þess. Jóhannes segir að þarna hafi hagsmunir Aðfanga verið tryggðir.

Jóhannes er spurður hvort stjórn Baugs hf. hafi verið kunnugt um þessa ráðstöfun.

Jóhannes segir að hann muni það ekki. Hins vegar segir Jóhannes að hann vilji taka fram að stjórn Baugs hf. hafi verið mjög í mun að kaupin í Vöruveltunni hf. gengju eftir þar sem miklir hagsmunir Aðfanga voru í húfi.

Jóhannes er spurður hvort stjórn Baugs-Aðfanga ehf. hafi verið kunnugt um þessa ráðstöfun.

Jóhannes segir að honum og Jóni Ásgeiri hafi verið kunnugt um þetta, en um Óskar Magnússon viti hann ekki.

Jóhannesi er sýnt afrit af hreyfingalista Baugs Group/Aðfanga – viðskiptamannahreyfingar og fjárhagshreyfingar; útprentun úr bókhaldi Baugs hf. á hreyfingalista viðskiptamanns frá 1. jan. 1998 til 31. des. 2000 og útprentun úr bókhaldi Baugs hf. á hreyfingalista lánardrottna frá 1. jan. 1998 til 31. des. 2000. Samkvæmt umræddum gögnum hafa kr. 200.000.000 verið færð sem „lán“ til Baugs hf., dags. 8. október 1998. Samkvæmt upplýsingum úr bókhaldi Baugs hf. á þessum tíma verður ekki séð að umrædd fjárhæð hafi verið tekin að láni hjá Baugi-Aðföngum.

- Skjöl rannsóknargagna nr. II/50.2.5 til II/50.2.7

Jóhannes er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þetta.

Jóhannes segir að hann vilji svara þessari spurningu á þá leið að vísa til þess að hjá fyrirtækinu hafi verið fólk, sem sérstaklega hafi verið ráðið til að annast einstaka færslur og hafa eftirlit með, þ. e. fjármálastjórar og svo endurskoðendur. Jóhannes segir að hann sem stjórnarmaður hafi sætt sig við niðurstöður þeirra, uns annað komi í ljós.

#### Fyrri endurgreiðsla að fjárhæð kr. 100.000.000

Jóhannesi er sýnt afrit af viðskiptakvittun SPRON vegna innlagningar á kr. 116.356.027,86 inn á reikning Baugs-Aðfanga ehf., dags. 4. desember 1998; afrit af samriti reikningsyfirlita Íslandsbanka á reikningi nr. 0515-26-014044, dags. 4. desember 1998; afrit af tékka Íslandsbanka, stíluðum á Eirík Sigurðsson, að fjárhæð kr. 116.356.027,86, dags. 3. desember 1998; afrit af úttektarnótu Íslandsbanka, dags. 3. desember 1998; afrit af handrituðu blaði með ýmsum upplýsingum um fjárhæðir, þ. á m. kr. 200.000.000 og 116.356.027,86, ódagsett; afrit af yfirlýsingu Ragnars Tómassonar um að hafa í lok árs 1998 eða byrjun árs 1999 fengið greiðslu að fjárhæð ca 13 milljóna króna fyrir að hafa haf milligöngu um sölu á Vöruveltunni hf., dags. 2. júlí 2004 og afrit af tékka að fjárhæð kr. 12.671.246 og útgefnum af Ingibjörgu Stefáns, dags. 30. desember 1998.

- Skjöl rannsóknargagna nr. II/50.3.1, II/50.3.2, II/50.3.3, II/50.3.4, II/50.3.5 og II/50.3.6

Grunur er um að kr. 100.000.000 af þessari fjárhæð, kr. 116.356.028, hafi verið endurgreiðsla á helmingi þeim 200.000.000 kr. sem greiddar voru 8. október 1998. Umrædd fjárhæð var lögð inn á reikning Baugs-Aðfanga ehf. í tengslum við uppgjör Íslandsbanka hf. og Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar á sölu 40 % eignarhlut í Vöruveltunni hf. samkvæmt samningi þeirra frá 10. nóvember 1998 (þar af 35 % til Eignarhaldsfélagsins Alþýðubankans (27,14 %), Lífeyrissjóðsins Lífiðnar (2,86 %) og Landsbréfa (5 %) og 5 % til Íslandsbanka hf.), sbr. skjöl rannsóknargagna II/50.7 og II/50.7.1. Samkvæmt því sem

fram kemur á viðskiptakvittun vegna þessarar innborgunar er skýring greiðslunnar sögð vera „GREIÐSLA V/ YFIRDR.“

Jóhannesi er enn fremur sýnt afrit af hreyfingalista Baugs Group – viðskiptamannahreyfingar og fjárhagshreyfingar. Samkvæmt umræddum hreyfingalista verður ekki séð þessi fjárhæð hafi verið færð í bókhald Baugs-Aðfanga ehf. sem endurgreiðsla á láni frá Baugi hf.

- Skjöl rannsóknargagna nr. II/50.2.5

Jóhannes er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þetta.

Jóhannes segir að hann vilji svara þessu með skírskotun til þess sem hann hafi áður sagt um að honum sem stjórnarmanni hafi ekki verið kunnugt um einstaka færslur. Jóhannes segir að hann hafi ekki fleira um það að segja.

**Síðari endurgreiðsla að fjárhæð kr. 100.000.000**

Jóhannesi er sýnt afrit af lánasamningi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Þorsteins M. Jónssonar við Kaupþing hf. fjárfestingarbanka vegna lántökuheimildar að heildarfjárhæð kr. 100.000.000, dags. 21. desember 1998. Samhliða lánasamningnum er Jóhannesi sýnt afrit af bréfi Kaupþings Búnaðarbanka hf. til skattransóknarstjóra ríkisins vegna 100 millj. útgreiðslu af reikningi 1100-26-1505 inn á reikning 1151-26-156 hinn 21. desember 1998, dags. 1. júní 2004; afrit af reikningsyfirliti Baugs-Aðfanga ehf. nr. 1151-26-156, dags. 28. desember 1998 og afrit af tilkynningu um millifærslu inn á reikning Baugs-Aðfanga ehf. nr. 1151-26-156 á kr. 100.000.000 frá Kaupþingi hf., dags. 21. desember 1998.

- Skjöl rannsóknargagna nr. II/50.4.1, II/50.4.2, II/50.4.3 og II/50.4.4

Grunur er um að þessi greiðsla frá 21. desember 1998, að fjárhæð kr. 100.000.000 frá Kaupþingi hf. inn á reikning Baugs-Aðfanga ehf., hafi verið greiðsla til baka á síðari helmingi 200 milljón króna upphafsgreiðslunnar.

Jóhannesi er enn fremur sýnt afrit af hreyfingalista Baugs Group – viðskiptamannahreyfingar og fjárhagshreyfingar. Samkvæmt umræddum hreyfingalista er umrædd greiðsla auðkennd Baugi hf. þannig að sem um greiðslu frá Baugi hf. hafi verið að ræða.

- Skjöl rannsóknargagna nr. II/50.2.5

Jóhannes er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þetta.

Jóhannes segir að hann vilji svara þessu með skírskotun til þess sem hann hafi áður sagt um að honum sem stjórnarmanni hafi ekki verið kunnugt um einstaka færslur. Jóhannes segir að hann hafi ekki fleira um það að segja.

Jóhannesi er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 11. júní 2005. Jón Ásgeir var þá beðinn að gera grein fyrir þessari lánveitingu:

- Skjal rannsóknargagna nr. V/4.18

*. . . Jón Ásgeir segir að hann vilji taka sérstaklega fram að Helga Gísladóttir hafi greitt inn á þetta lán í maí 1999 og hafi þá 25 milljónir runnið til hans og 36,5 milljónir hafi runnið til Gaums ehf., sem tekið hafi yfir þessa lánveitingu.*

Jóhannes er spurður um afstöðu til þessa framburðar Jóns Ásgeirs.

Jóhannes segir að hann vilji ekki tjá sig um þennan framburð.

Jóhannes er spurður hvort að Gaumur ehf. hafi yfirtekið þessa skuldbindingu.

Jóhannes segir að hann vilji ekki tjá sig um það sem fram komi í framburði Jóns Ásgeirs.

**Samningur, dags. 10. nóvember 1998**

Sala annars vegar á 40 % hlut til stofnfjárfesta og hins vegar á 35 % hlut til Fjárfars ehf.

Jóhannesi er sýnt afrit af samningi milli Íslandsbanka annars vegar og hins vegar Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar vegna Vöruveltunnar hf. um sölu á eignarhlut í félaginu o. fl., dags. 10. nóvember 1998. Samkvæmt umræddum samningi gerðu Íslandsbanki annars vegar og Helga Gísladóttir og Eiríkur Sigurðssonar, hins vegar, sem eigendur að öllu hlutafé í Vöruveltunni hf., sem þá rak verslanir undir heitinu 10-11, samning um að selja allt að 75 % eignarhlut í félaginu. Enn fremur kom fram að stefnt yrði að selja eftirstandandi 25 % eignarhlut á komandi árum. Í samningum kom fram að af þeim 75 % sem selja átti yrði 35 % hlutur í félaginu seldur til Árna Samúelssonar, Heklu hf., Tryggingarmiðstöðvarinnar hf. og Sævars Jónssonar, en þeir aðiljar kæmu til með að mynda með sér félag um þann eignarhlut. Fyrir liggur að þessi 35 % hluti var seldur til Fjárfars ehf. Samkvæmt samningnum var gengið út frá því að heildarverðmæti félagsins næmi um kr. 1.400.000.000. Samkvæmt samningnum tók Íslandsbanki að sér fyrir hönd seljenda að ráðstafa eftirstandandi 40 % eignarhluta með þeim hætti að leita kaupenda í hópi fagfjárfesta fyrir um það bil 35 % og þá miðað við heildarverðmæti kr. 1.400.000.000. Fyrir liggur að sá eignarhlutur var seldur til Eignarhaldsfélagsins Alþýðubankans hf. o. fl. Enn fremur kom fram að sá 5 % eignahlutur, sem eftir stóð, skyldi seldur við skráningu félagsins á Verðbréfaþingi Íslands.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.7

Jóhannes er spurður hvort hann þekki til þessa samnings.

Jóhannes segir að hann þekki ekki til þessa samnings. Jóhannes segir að Jón Ásgeir hafi alfarið séð um þessi mál.

Jóhannesi er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Guðmundar K. Tómassonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 6. júní 2005. Guðmundur var þá beðinn að gera grein fyrir þessum samningi:

- Skjal rannsóknargagna nr. IV/55.1

*Guðmundur segir að upphaf þessa máls hafi verið það að Jón Ásgeir Jóhannesson og Jóhannes Jónsson komu til fundar við Björn Björnsson í Íslandsbanka, líklega um mánaðamót október/nóvember 1998. Guðmundur segir að hann hafi þó ekki verið á þeim fundi og hafi því þetta frá Birni. Tílefni fundarins hafi verið að Jón Ásgeir og Jóhannes hafi viljað leita til bankans um samstarf ásamt Eiríki Sigurðssyni, eiganda Vöruveltunnar hf., um að bankinn tæki að sér að finna fjárfesta fyrir Vöruveltuna hf., en á þeim tíma hafi legið fyrir að Eiríkur hygðist selja hluta félagsins og skrá það á markað.*

*Guðmundur segir að í framhaldi af þessu hafi hann ásamt þeim Birni Björnssyni og Val Valssyni hitt þá Jón Ásgeir og Tryggva Jónsson, þar sem þetta mál hafi frekar verið rætt. Guðmundur segir að á þessum fundi hafi komið í ljós að Eiríkur hefði nokkru áður átt í viðræðum við KEA um að selja Vöruveltuna hf., en Jón Ásgeir og fl. einhvern veginn komist inn í það ferli. Guðmundur segir að málið hafi verið kynnt með þeim hætti að Eiríkur hygðist sem áður segir ætla draga sig út úr rekstrinum, en ætlaði þó að eiga 25 % eignarhlut. Guðmundur segir að á þessum fundi hafi verið upplýst um að Fjárfar ehf. hygðist eiga 35 % eignarhlut í félaginu. Guðmundur segir að þeirri hugmynd að Íslandsbanki hf. tæki að sér að leita að kjölfestufjárfesti, sem eiga mundi um 35 % eignarhlut í Vöruveltunni hf., hafi verið varpað fram á þessum fundi, og enn fremur að stefnt yrði að því að selja eftirstandandi 5 % hlut við skráningu félagsins á markaði.*

*Guðmundur segir að Íslandsbanki hf. hafi tekið vel í að koma þessu máli á framangreindum grunni. Guðmundur segir að komið hafi enn fremur fram á fundinum að Fjárfar ehf. yrði stofnað*

*með 300 milljón króna hlutafé og að Íslandbanki hf. tæki að sér að fjármagna 450 milljón króna lán vegna kaupa félagsins á 35 % eignarhluta Vöruveltunnar hf. . .*

Jóhannes er spurður um afstöðu til þessa framburðar Guðmundar.

Jóhannes segir að hann muni ekki eftir þessu nákvæmlega, en hins vegar hafi hann komið í bankann einu sinni eða tvisvar í Íslandsbanka hf. vegna þessa máls. Jóhannes segir að hann muni ekki eftir frekari málsatvikum.

Jóhannesi er sýnt afrit af bréfi Björns Björnssonar og Guðmundar Kr. Tómassonar hjá Íslandsbanka til skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna skattrannsóknar á Fjárfari ehf., dags. 25. júní 2004. Í umræddu bréfi er samskiptum Íslandsbanka við Jón Ásgeir Jóhannesson, Tryggva Jónsson og Jóhannes Jónsson lýst.

- Skjal málsins nr. II/50.7.2

Jóhannes er spurður hvort þetta sé rétt lýsing á þeim samskiptum sem hann átti við bankann vegna þessa máls.

Jóhannes segir að sem áður segir hafi hann komið einu sinni eða tvisvar í bankann vegna þessa máls.

**Greiðsla á kr. 800.000.000, sem fara átti fram 5. nóvember 1998 en fór fram 16. nóvember s. á.**

**Greiðsla á fjárhæð kr. 350.000.000 – fjármagnað með samningi, dags. 10. nóvember 1998 – sala 40 % til stofnfjárfesta** Jóhannesi er enn sýnt afrit af samningi milli Íslandsbanka annars vegar og hins vegar Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar vegna Vöruveltunnar hf. um sölu á eignarhlut í félaginu o. fl., dags. 10. nóvember 1998. Samkvæmt samningnum tók Íslandbanki að sér fyrir hönd seljenda að ráðstafa eftirstandandi 40 % eignarhluta með þeim hætti að leita kaupenda í hópi fagfjárfesta fyrir um það bil 35 % og þá miðað við heildarverðmæti kr. 1.400.000.000. Enn fremur kom fram að sá 5 % eignahlutur, sem eftir stóð, skyldi seldur við skráningu félagsins á Verðbréfaþingi Íslands.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.7

Jóhannesi er sérstaklega sýnt afrit af útprentun frá Íslandsbanka með yfirskriftinni „Uppgjör v/sölu á 40% eignarhlut í Vöruveltunni hf. sbr. samning milli aðila frá 10. nóvember 1998“, dags. í Reykjavík 4. desember 1998. Samkvæmt umræddu skjali hefur greiðsla að fjárhæð kr. 350.000.000 verið fjármögnuð með bráðabirgðaláni að fjárhæð kr. 351.777.778 þeirra Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar, sbr. skjal rannsóknargagna nr. II/50.5.1 (bls. 2 og 3), en umrædd 40 % hafi síðan verið seld til stofnfjárfesta og í dreifðri sölu fyrir heildarandvirði 547.500.000 (35 % hlutur á kr. 490.000.000).

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.7.1 og II/50.5.1

Jóhannes er spurður hvort hann þekki til þessa „brúarláns“ Eiríks og Helgu.

Jóhannes segir að hann kannist ekki við það.

Jóhannes er spurður hvort þessi hluti af kr. 800.000.000 hafi verið fjármagnaður með þessum hætti.

Jóhannes segir að hann viti það ekki.

**Greiðsla á fjárhæð kr. 450.000.000 – fjármagnað með samningi, dags. 10. nóvember 1998 – sala 35 % til Fjárfars ehf.** Jóhannesi er enn sýnt afrit af samningi milli Íslandsbanka annars vegar og hins vegar Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar vegna Vöruveltunnar hf. um sölu á eignarhlut í félaginu o. fl., dags. 10. nóvember 1998. Sem áður segir kemur fram í samningnum að af þeim 75 % sem selja átti yrði 35 % hlutur í félaginu seldur til Árna Samúelssonar, Heklu hf., Tryggingarmiðstöðvarinnar hf. og Sævars Jónssonar, en þeir aðiljar kæmu til með að mynda með sér félag um þann eignarhlut. Fyrir liggur að þessi 35 % hluti var seldur til Fjárfars ehf. Kaupverð til Fjárfars var kr. 450.000.000.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.7

Jóhannes er enn fremur sýnt afrit af lánstilboði að fjárhæð kr. 451.000.000 vegna lánasamninga Fjárfars ehf. og Íslandsbanka hf., dags. 16. nóvember 1998; afrit af lánasamningi milli Íslandsbanka hf. og Fjárfars ehf. vegna láns að fjárhæð kr. 451.000.000, dags. 16. nóvember 1998; afrit af almennum skilmálum fyrir lán frá Íslandsbanka hf. ásamt viðaukum 1, 2. og 3 (handveðyfirlýsingu Fjárfars ehf. vegna handveðsetningu hlutabréfa), dags. 16. september 1998 og afrit af samþykki stjórnar Vöruveltunnar fyrir veðsetningu hlutabréfa, dags. 16. nóvember 1998. Samkvæmt umræddum gögnum var 60 % hlutfjár í Vöruveltunni hf. sett sem trygging fyrir láninu, þ. e. 35 % hlutur Fjárfars ehf. og 25 % hlutur Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.5.2, II/50.5.3, II/50.5.4, II/50.5.5 og II/50.5.6

Jóhannesi er sérstaklega sýnt afrit af almennum skilmálum fyrir lán frá Íslandsbanka hf. ásamt viðaukum 1, 2. og 3 (handveðyfirlýsingu Fjárfars ehf. vegna handveðsetningu hlutabréfa), dags. 16. september 1998. Samkvæmt viðauka 1 segir meðal annars eftirfarandi:

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.5.4

*Fjárfar ehf. er nýstofnað fyrirtæki. Félagið er stofnað af Heklu hf. og Sævari Jónssyni. Á næstu dögum munu ganga til liðs við félagið Tryggingarmiðstöðin og Árni Samúelsson. Þessi aðilar hafa ákveðið að kaupa 35 % eignarhlut í Vöruveltunni hf. . . .*

Jóhannes er spurður hvort hann hafi veitt Íslandsbanka hf. þessar upplýsingar.

Jóhannes segir að hann kannist ekki við það.

Jóhannes er spurður hvort Eiríkur og Helga hafi haft einhverja aðkomu að Fjárfari ehf. á einhverjum tíma.

Jóhannes segir að hann muni það ekki.

Jóhannesi er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Árna Samúelssonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 8. júní 2005. Árni var spurður hvort hann hefði haft einhverja aðkomu að kaupum eða fjármögnun hlutfjár í Vöruveltunni hf.:

- Skjal rannsóknargagna nr. IV/58.1

*Árni segir að hann hafi enga aðkomu haft að því. Hins vegar segir Árni að hann muni til þess að fyrir nokkrum árum, líklega fyrir sex til átta árum síðan, hafi Jóhannes Jónsson hringt í hann og spurt hvort hann hefði einhvern áhuga á að koma á einhvern hátt að 10-11. Árni segir að í framhaldi af því hafi hann og sonur hans, Björn Árnason, hitt Jóhannes og Jón Ásgeir Jóhannesson. Árni segir að hann hafi strax skýrt frá þeirri afstöðu sinni að hann hefði engan áhuga á að koma að 10-11 á neinn hátt og það sama hafi gilt um Björn. Árni segir að málið hafi aldrei komist á það stig með hvaða hætti sú aðkoma hafi átt að vera og hafi hann ekkert heyrt meira af þessu máli.*

Jóhannesi er kunnbert að Björn Árnason hafi staðfest þennan framburð Árna sem réttan í yfirheyrslu hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 18. júní 2004.

- Skjal rannsóknargagna nr. IV/62.1

Jóhannes er spurður um afstöðu til þessa framburðar Árna.

Jóhannes segir að hann hafi ekkert um þennan framburð að segja umfram það sem hann hafi haft að segja um framburð Björns Árnasonar.

Jóhannesi er kunnbert að grunur sé um að greiðslur vegna kr. 800.000.000, sem fara áttu fram 5. nóvember 1998, hafi átt sér stað í tvennu lagi 16. nóvember 1998 og hafi afhending félagsins að sama skapi dregist til þess tíma. Í fyrsta lagi voru kr. 351.777.778 greiddar inn á reikning Helgu Gísladóttur nr. 515-26-404848, en greiðslan samanstendur af innborgun að fjárhæð kr. 350.000.000 og vaxtagreiðslu



að fjárhæð kr. 1.777.778. Grunur er um að þetta hafi verið fjármagnað með svokölluð brúarláni Eiríks Sigurðssonar og Helgu Gísladóttur að fjárhæð kr. 350.000.000 þar til búið væri að selja 35 % eignahlut í félaginu, sem síðar var seldur til Eignarhaldfélagsins Alþýðubankans o. fl. Í öðru lagi voru kr. 450.000.000 innborgaðar á reikning í eigu Helgu nr. 515-26-404848. Grunur er um sú greiðsla hafi verið fjármögnuð með sölu á 35 % eignarhluta í Vöruveltunni til Fjárfars ehf.

Jóhannes er spurður hvort þessar greiðslur hafi verið til að standa skil á annarri greiðslu kaupsamnings, dags. 7. október 1998, þ. e. kr. 800 milljónum.

Jóhannes segir að hann geti ekkert sagt um það.

### **Greiðsla á kr. 150.000.000, sem fara átti fram með víxli útgefnum 16. nóvember 1998 – greitt með hlutabréfum**

Jóhannesi er sýnt afrit af víxli Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis að fjárhæð kr. 150.000.000, þar sem greiðandi er Eignarhaldsfélagið Gaumur og útgefandi Fjárfestingarfélagið Gaumur, dags. 16. nóvember 1998, - með gjaldþaga 1. mars 1999. Jóhannesi er enn fremur sýnt afrit af símbréfi Kaupþings hf. til hluthafaskrár Baugs hf. um að sölu Kaupþings Lúxemborg á hlut í Baugi að nafnvirði 16.200.000 til Helgu Gísladóttur, dags. 3. nóvember 1999 og afrit af greinargerð um viðskipti með hlutabréf í Baugi hf., dags. 2. mars 2004. Samkvæmt umræddum gögnum virðist þessi fjárhæð ekki hafa verið greidd með umræddum víxli heldur hlutabréfum í Baugi hf. að nafnvirði kr. 16.200.000 eða að söluandvirði kr. 162.000.000.

- Skjöl rannsóknargagna nr. II/50.6.1, II/50.6.2 og II/50.6.3

Grunur er um að þessi víxill hafi ekki verið greiddur, heldur hafi þau Helga Gísladóttir og Eiríkur Sigurðsson fengið hlutabréf að nafnvirði kr. 16.200.000 í Baugi hf. Bréfin munu hafa komið frá Kaupthing Luxembourg. Grunur er um að af þeirri fjárhæð hafi kr. 12.000.000 verið vegna vaxta. Grunur er um að þessi bréf hafi verið seld af fjárvörslureikningi Baugs hf. Kaupthing Luxembourg og að greiðslan hafi verið notuð til að standa skil á greiðslum á grundvelli kaupréttarákvæða í starfssamningum nokkurra stjórnenda Baugs Group hf., þ. á m. Jóns Ásgeirs Jóhannessonar.

Jóhannes er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um það.

Jóhannes segir að honum hafi ekki verið kunnugt um það, en þetta hafi alfarið verið í höndum annarra að ganga frá þessu máli.

### **Samstarfssamningur, dags. 27. apríl 1999**

Jóhannesi er sýnt afrit af samstarfssamningi Kaupþings hf.; Íslandsbanka hf.; Fjárfars ehf.; Litla fasteignafélagsins ehf.; Eiríks Sigurðssonar og Helgu Gísladóttur; 10-11 og Vöruveltunnar hf. um kaup og sölu á 35 % eignarhlut í Vöruveltunni hf., dags. 27. apríl 1999. Samkvæmt umræddum samningi keypti Íslandsbanki 35 % eignarhluta Eignarhaldsfélagsins Alþýðubankans hf. og seldi samtímis hluta þeirra bréfa til Kaupþings hf. og Fjárfars ehf. Samkvæmt samningnum skyldi skipting milli kaupanda vera eftirfarandi:

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.8

Íslandsbanki hf.	200.000.000	- tvö hundruð milljónir -	(12,4%)
Kaupþing hf.	200.000.000	- tvö hundruð milljónir -	(12,4%)
Fjárfar hf.	163.500.000	- eitt hundrað sextíu og þrjú milljónir og Fimm hundruð þúsund 00/100 -	(10,2%)

Jóhannes er spurður hvort hann þekki til þessa samnings.

Jóhannes segir að hann þekki ekki til þessa samnings.

-----

### Fundargerðir Baugs hf.

Jóhannesi er sýnt afrit af fundargerð stjórnar Baugs hf. vegna 15. stjórnarfundar félagsins, dags. 20. maí 1999. Samkvæmt umræddri fundargerð hafa eftirtaldir verið viðstaddir fundinn: Óskar Magnússon, Hreinn Loftsson, Jóhannes Jónsson, Þorgeir Baldursson, Guðfinna Bjarnadóttir, Jón Ásgeir Jóhannesson og Tryggvi Jónsson. Samkvæmt fundargerðinni kemur fram að Jón Ásgeir Jóhannesson væri í viðræðum við eigendur 10-11 og um leið íslensk samkeppnisyfirvöld, með það að markmiði að Baugur hf. mundi kaupa félagið. Samkvæmt fundargerðinni er sagt að samkomulag um málið sé á næsta leiti. Samkvæmt fundargerðinni samþykkti stjórn Baugs hf. á fundinum kaup á 10-11 smásölukeðjunni, m. a. að því tilskildu að leigusamningar vegna verslana væru í lagi og að Baugur hf. hefði endurkauparétt til að kaupa til baka eigin hlutabréf sem gefin yrðu út í tengslum við söluna. Samkvæmt fundargerðinni hefur verið lagt fyrir stjórn félagsins „Business Plan“ vegna fyrirhugaðra kaupa. Jóhannesi er samhliða þessari fundargerð sýnt afrit af fundargerð stjórnar Baugs hf., dags. 1. júní 1999. Samkvæmt þeirri fundargerð hafa eftirfarandi verið viðstaddir fundinn: Óskar Magnússon, Guðfinna Bjarnadóttir, Hans Kristian Hustad, Jóhannes Jónsson, Þorgeir Baldursson og Jón Ásgeir Jóhannesson. Samkvæmt fundargerðinni hefur samningur um kaup á 70 % hlutafé í Vöruveltunni hf. verið kynntur stjórninni.

- Skjöl rannsóknargagna nr. II/50.20.2 og II/50.20.3

Jóhannes er spurður hvort stjórn Baugs hf. hafi veitt Jóni Ásgeiri Jóhannessyni umboð stjórnarfundar, dags. 20. maí 1999, til að ganga til samninga við eigendur Vöruveltunnar hf. um kaup Baugs hf. á hlutafé félagsins.

Jóhannes segir að hann vilji svara spurningu þannig að Jón Ásgeir hafi haft fullt umboð til að gera það sem gera þurfti til að tryggja hagsmunum Baugs hf. varðandi þetta mál. Aðspurður hvort stjórn Baugs hf. hafi á þessum fundi veitt Jóni Ásgeiri umboð til að ganga til samninga við eigendur Vöruveltunnar hf. segir Jóhannes að hann vilji ekki svara þeirri spurningu með öðrum hætti.

Jóhannesi er sérstaklega sýnt „Draft“ af „Business Plan“ fyrir 10 – 11, sem grunur er um lagt hafi verið fram fyrir stjórn Baugs hf. á 15. stjórnarfundarfundum félagsins. Í umræddu skjali virðist sú hugmynd; að kaupa verslanakeðjuna 10-11, hafa verið kynnt stjórn félagsins.

- Skjöl rannsóknargagna nr. II/50.20.2.1

Jóhannes er spurður hvort hann kannist við umrætt skjal.

Jóhannes segir að hann kannist ekki við þetta skjal sérstaklega.

Jóhannes er spurður hvernig innkaupasamstarfi milli Baugs-Aðfanga ehf. og Vöruveltunnar hf. hafi verið komið á.

Jóhannes segir að samkvæmt því sem hann best muni hafi það verið um ári áður en Baugur hf. hafi keypt Vöruveltuna.

Kl. 12:07 er gert hlé á yfirheyrslu vegna matarhlés.

Kl. 12:58 er yfirheyrslu fram haldið.

-----

**Kaupsamningur, dags. 21. maí 1999**

Jóhannesi er sýnt afrit af kaupsamningi vegna kaupa Baugs hf. á 70 % hlutabréfa í Vöruveltunni hf., samtals að nafnvirði 210.000.000 króna, dags. 21. maí 1999. Samkvæmt umræddum samningi seldi Helga Gísladóttir 25 % eignahlut sinn í Vöruveltunni hf. til Baugs hf. og Fjárfar ehf. þar af leiðandi 45 % eignahlut sinn. Samkvæmt samningnum var kaupverðið kr. 447.000.000, en þar af átti að greiða kr. 65.000.000 með hlutabréfum í Baugi að nafnvirði. Samningurinn er undirritaður af Jóni Ásgeiri Jóhannessyni f. h. stjórnar Baugs hf.; Helgu Gísladóttur og Eiríki Sigurðssyni, en samningurinn er óundirritaður f. h. Fjárfars ehf. Samningurinn er vottaður af Grétari Haraldssyni. Samkvæmt kaupsamningnum skyldi kaupverð greiddast með eftirfarandi hætti:

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.9

a) Við undirritun kaupsamnings	kr.	225.000.000,-
b) Við undirritun kaupsamnings með skuldabréfi	kr.	162.000.000,-
c) Hinn 1. júlí afhendir kaupandi seljanda hlutabréf í sjálfum sér að nv.	kr.	65.000.000,-
		-----
	Kr.	447.000.000,-

Jóhannes er spurður hvort hann kannist við umræddan samning.

Jóhannes segir að hann þekki til þessa samnings, en Jón Ásgeir hafi séð um hann fyrir hönd Baugs hf. Jóhannes segir að Jón Ásgeir hafi haft fullt umboð til.

Jóhannes er spurður hvort fyrirkomulag á greiðslum hafi gengið eftir af hálfu kaupanda.

Jóhannes segir að hann viti það ekki, en telur að svo hljóti að hafa verið.

Jóhannesi er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Aðalsteins Hákonarsonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 31. maí 2005. Aðalsteinn var þá spurður kannaðist við þennan kaupsamning sem fyrirverandi endurskoðandi Fjárfars ehf.:

- Skjal rannsóknargagna nr. IV/35.2

*Aðalsteinn segir að hann hafi ekki séð þennan kaupsamning áður. Aðalsteinn segir að gagnaöflun við gerð ársreiknings vegna ársins 1999 hafi átt sér stað á miðju ári 2000. Aðalsteinn segir að á þeim tíma hafi hann verið í sambandi við Helga Jóhannesson og Kristínu Jóhannesdóttur við þá gagnaöflun, en þau hafi á þeim tíma verið í fyrirsvári fyrir Fjárfar ehf. Aðalsteinn segir að Helgi og Kristín hafi meðal annars mætt á fund hjá KPMG Endurskoðun og í framhaldi af því hafi öllum fyrirspurnum verið beint til þeirra, þó aðallega Kristínar.*

*Aðalsteinn segir að hann og aðstoðarmaður sinn, Hafsteinn Sæmundsson viðskiptafræðingur hjá KPMG Endurskoðun á þeim tíma, hafi séð um gagnaöflun til að ljúka við uppgjör á Fjárfari ehf. Aðalsteinn segir að þrátt fyrir ítrekaðar óskir til Kristínar hafi bókhaldsgögn um Fjárfar ehf. ekki borist og hafi því verið vandkvæmum bundið að ljúka ársreikningi vegna ársins 1999. Aðalsteinn segir að uppgjör hafi dregist til desembermánaðar 2000 þar sem ýmislegt hafi ekki gengið upp við uppgjör félagsins.*

*Aðalsteinn segir að niðurstaða málsins hafi orðið sú að ljúka við ársreikning Fjárfars ehf. vegna 1999 um áramótin 2000/2001, en þá hafi legið fyrir að þau Helgi og Kristín hafi ekki getað aflað frekari bókhaldsgagna fyrir Fjárfar ehf.*

*Aðalsteinn segir að á árinu 2004 hafi Stefán Hilmarsson haft samband við hann og óskað eftir því að nýr ársreikningur fyrir Fjárfar ehf. vegna ársins 1999 yrði gerður, en sá ársreikningur hafi átt að grundvallast á upplýsingum úr niðurstöðu skattrannsóknar skattrannsóknarstjóra ríkisins*

*varðandi Fjárfar ehf. og upplýsingum frá bókhaldi Gaumi ehf. og Baugs hf. Aðalsteinn segir að samkvæmt hans vitneskju hafi sú beiðni upphaflega komið frá Hreini Loftssyni til Stefáns Hilmarssonar.*

*Aðalsteinn segir að við þá vinnu hafi honum orðið ljóst að í bókhaldi Gaums ehf. hafi verið til viðskiptamannareikningur við Fjárfar ehf., sem aldrei hafi verið látinn í té. Aðalsteinn segir að þar hafi komið fram ýmsar peningahreyfingar sem Gaumur ehf. hafi annast í nafni Fjárfars ehf., en þær upplýsingar hafi honum ekki áður verið veittar þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um til Kristínar Jóhannesdóttur.*

*Aðalsteinn segir að Margrét Nikulásdóttir, endurskoðandi, hafi aðstoðað hann við þessa vinnu. Sú vinna hafi sem áður segir verið unnin vegna beiðni fyrirvarsmanna Baugs hf. eða Gaums ehf.*

*Aðalsteinn segir að leiðréttum ársreikningi vegna ársins 1999 fyrir Fjárfar ehf. hafi honum vitanlega ekki lokið. Aðalsteinn segir þegar hann hafi hætt störfum hjá KPMG Endurskoðun í apríl síðastliðnum þá hafi honum vitanlega ekki verið búið að rita undir uppgjörið. Ástæða þess hafi verið sú að Helgi Jóhannesson, stjórnarformaður Fjárfars ehf. frá árinu 2000, hafi ekki viljað rita undir leiðrétt uppgjör og Jóhannes Jónsson, núverandi stjórnarformaður félagsins, ekki heldur.*

Jóhannes er spurður um afstöðu til þessa framburðar Aðalsteins.

Jóhannes segir að hann hafi ekkert um þennan framburð Aðalsteins að segja.

Jóhannes er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þennan viðskiptamannareikning Fjárfars ehf. í bókhaldi Gaums ehf., sem Aðalsteinn hafi fjallað um í framburði sínum.

Jóhannes segir að hann kannist ekki við þann viðskiptamannareikning.

Jóhannes er spurður hvort að nýjum ársreikningi fyrir Fjárfar ehf. vegna 1999 sé lokið.

Jóhannes segir að hann viti það ekki.

Jóhannesi er sýnt skjal með yfirskriftinni „10 – 11 Memo til óm“ frá Jóni Ásgeiri, ódagsett.  
- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.21.6

Jóhannes er spurður hvort hann kannist við umrætt skjal.

Jóhannes segir að hann þekki ekki þetta skjal og hafi ekki séð það áður.

**Greiðsla á kr. 225.000.000 (greitt í þrennu lagi), sem greiðast átti við undirritun kaupsamnings**  
Jóhannesi er sýnt afrit af útprentun úr bókhaldi Baugs hf. vegna greiðslu að fjárhæð kr. 225.000.000 hinn 20. maí 1999; afrit af útprentuðum upplýsingum úr bókhaldi Baugs Group hf. á tímabili frá 20. maí 1999 til 30. júní 2000 og afrit af útprentun á hreyfingalista úr bókhaldi Baugs hf., dags. 26. júní 1999. Samkvæmt umræddum gögnum er Helga Gísladóttir sögð hafa fengið umræddar kr. 225.000.000 greiddar.

- Skjöl rannsóknargagna nr. II/50.9.1, II/50.9.2 og II/50.9.3

Jóhannes er spurður hvort þessi greiðsla hafi verið vegna samnings um kaup á eignarhluta Vöruveltunnar hf., dags. 21. maí 1999.

Jóhannes segir að hann kannist ekki við það, enda hafi hann ekki annast þetta mál.

**Greiðsla á kr. 25.000.000 til Jóns Ásgeirs Jóhannessonar**

Jóhannesi er sýnt afrit af tékka Íslandsbanka að fjárhæð kr. 25.000.000, útgefnu af prókúruhafa Baugs hf., Lindu Jóhannsdóttur, til handa handhafa, dags. 19. maí 1999 og afrit af viðskiptakvittun SPRON vegna innlagnar á kr. 25.000.000 inn á reikning Jóns Ásgeirs Jóhannessonar nr. 1151-26-680, dags. 20. maí 1999. Í bókhaldi Baugs hf. er umrædd greiðsla sögð „Gr. til Helgu Gíslad. v/vöruveltan“.

- Skjöl rannsóknargagna nr. II/50.10.1, II/50.10.2 og II/50.9.1

Jóhannes er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um hvert þessi fjármunir hafi runnið.

Jóhannes segir að honum hafi ekki verið kunnugt um það.

**Greiðsla að fjárhæð kr. 36.500.000 til Fjárfestingarfélagssins Gaums ehf.**

Jóhannesi er sýnt afrit af tékka Íslandsbanka hf. útgefnu af prókúruhafa Baugs hf. Lindu Jóhannsdóttur, að fjárhæð kr. 36.500.000, dags. 8. júní 1999. Í bókhaldi Baugs hf. er umrædd greiðsla sögð „Gr. til Helgu Gíslad. v/vöruveltan“.

- Skjöl rannsóknargagna nr. II/50.11.1 og II/50.9.1

Jóhannesi er sýnd útprentun úr bókhaldi Fjárfestingarfélagssins Gaums ehf. úr færslu- og dagbók félagsins vegna greiðslu á kr. 36.500.000. Samkvæmt því sem þar kemur fram hefur umrædd fjárhæð verið tekjufærð í bókhald Fjárfestingarfélagssins Gaums ehf.

- Skjöl málsins nr. II/50.11.2 til II/50.11.4

Jóhannes er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um hvert þessir fjármunir hafi runnið.

Jóhannes segir að honum hafi ekki verið kunnugt um það.

Jóhannes er spurður hvers vegna þessi fjárhæð hafi verið tekjufærð hjá Gaumi ehf. rúmu ári eftir að greiðsla hafi borist.

Jóhannes segir að hjá Gaumi ehf. hafi verið ráðið fólk til að sjá um þessi mál og hafi honum verið ókunnugt um einstaka færslur.

**Greiðsla að fjárhæð kr. 163.500.000 – ráðstöfun á móti kaupum Fjárfars í Vöruveltunni**

Jóhannesi er sýnt afrit af viðskiptayfirliti Íslandsbanka hf. vegna sölu Fjárfars ehf. á hlutabréfum í Vöruveltunni að nafnverði kr. 30.480.000, dags. 14. maí 1999 – söluverð kr. 163.500.000 og afrit af bréfi Íslandsbanka til skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna beiðni um gögn og upplýsingar vegna viðskipta Baugs hf. og sölu Íslandsbanka hf. á Vöruveltunni hf., dags. 1. mars 2001. Samkvæmt umræddum gögnum virðist þessi greiðsla hafa verið fjármögnuð með þeim hætti að Fjárfar ehf. keypti 10 % af hlutfé Vöruveltunnar, dags. 14. maí 1999, eða viku áður en kaupsamningur um kaup Baugs hf. á 70 % hlutfé Vöruveltunnar hf.

- Skjöl rannsóknargagna nr. II/50.12.1 og II/50.12.2

Jóhannesi er enn fremur sýnt afrit af útprentun úr bókhaldi Baugs hf. á dagbók félagsins og afrit af yfirliti tékkareiknings í eigu Baugs hf. Samkvæmt umræddum gögnum hefur þessi greiðsla runnið til Íslandsbanka hf. úr sjóðum Baugs hf. og er sögð vera vegna Helgu Gísladóttur.

- Skjöl rannsóknargagna nr. II/50.12.3 og II/50.12.4

Jóhannes er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þetta.

Jóhannes segir að honum hafi ekki verið kunnugt um þetta, enda ekki haft eftirlit eða yfirsýn yfir þessi mál.

**Greiðsla að fjárhæð kr. 162.000.000, sem greiða átti með skuldabréfi (greitt með láni)**

Jóhannesi er sýnt afrit af símbréfi Kaupþings hf. til Baugs hf. vegna láns til Baugs hf. að fjárhæð kr. 162.000.000, dags. 30. júní 1999; afrit af bókunarblaði vegna fjárhæðarinnar 162.000.000, dags. 30. júní og afrit af útprentun úr bókhaldi Baugs hf. með upplýsingum um skammtímalán að fjárhæð kr. 162.000.000, dags. 2. og 7. júlí 1999. Jóhannesi er kunnbert að grunur sé um að þessi greiðsla hafi ekki farið fram með skuldabréfi, heldur hafi hún verið greidd með láni frá Kaupþingi Luxembourg, sem síðan hafi verið gert upp með hlutabréfum – þeim hinum sömu og notuð voru til að gera upp víxil að fjárhæð kr. 150.000.000 og fara átti fram 1. mars 1999 á grundvelli kaupsamningsins frá 7. október 1998.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.13.1, II/50.13.2 og II/50.13.3

Jóhannes er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þetta.

Jóhannes segir að honum hafi ekki verið kunnugt um það.

**Gögn vegna greiðslu með hlutabréfum í Baugi að nafnverði kr. 65.000.000**

Jóhannesi er sýnt afrit af hreyfingalista í hlutaskrá Baugs hf. v/ Fjárfars ehf. frá 30. júní 1999 til 20. september 2000; afrit af minnisblaði vegna aukaaðalfundar Baugs hf., haldinn 24. júní 1999 – tillaga um aukningu hlutafjár í Baugi hf. og afrit af minnisblaði vegna flutnings Baugs hf. í bankaviðskipti við Íslandsbanka, dags. 10. júní 1999. Jóhannesi er samhliða téðum gögnum sýnt afrit af fundargerð hluthafafundar Baugs hf., dags. 24. júní 1999. Jóhannesi er kunnbert að samkvæmt umræddum gögnum hafi hluthafar Baugs hf. samþykkt að auka hlutafé í félaginu um kr. 82.500.000 að nafnverði, sem nota átti sem gagngjald fyrir hlutabréf í Vöruveltunni hf. Jóhannesi er kunnbert að fyrir liggi að hlutabréf að nafnverði kr. 65.000.000 í Baugi hf. hafi runnið til Fjárfars ehf. eða að markaðsvirði kr. 650.000.000 og hlutabréf að nafnverði kr. 17.500.000 eða markaðsvirði kr. 175.000.000 hafi runnið til Íslandsbanka. Fyrir liggur að þessi hlutabréf hafi verið fengin með aukningu hlutafjár í Baugi hf. samkvæmt aukahlutahafafundi frá 24. júní 1999.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.14.1, II/50.14.2, II/50.14.3, II/50.14.4 og II/50.14.2

Jóhannes er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þetta.

Jóhannes segir að honum hafi ekki verið kunnugt um þetta.

**Sölusamningur, dags. 5. júní 1999**

Jóhannesi er sýnt afrit af sölusamningi Helgu Gísladóttur vegna sölu og afsals á 25 % hlutafjareignar í Vöruveltunni hf. til Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, dags. 5. júní 1999 – kaupverð kr. 297.500.000. Samkvæmt téðum samningi hefur Jón Ásgeir Jóhannesson keypt 25 % hlutafé í Vöruveltunni hf. Kaupverðið er sagt kr. 297.500.000 og átti að greiðast með eftirfarandi hætti:

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.15

1. Kaupandi hefur þegar greitt með peningum	kr.	287.500.000.00
2. Kaupandi greiðir með hlutabréfum í Baugi h. f. að nafnverði kr. 5.000.000.00. Bréfin afhendast seljanda þegar Apótekið eign Gaums hf. hefur verið metið inn í Baug h. f. (ágúst 1999)	"	5.000.000.00
3. Kaupandi greiðir með hlutabréfum í Baugi h. f. að nafnverði kr. 5.000.000.00. Bréfin afhendast seljanda í október 2000	"	5.000.000.00
		<hr/>

Jóhannes er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þennan samning.

Jóhannes segir að honum hafi ekki verið kunnugt um þennan samning.

**Greiðslur með hlutabréfi að nafnverði kr. 10.000.000**

Jóhannesi er sýnt afrit af samantekt innri endurskoðunar Baugs Group hf. á viðskiptahreyfingum í eldra hlutabréfakerfi Baugs Group hf. vegna viðskiptamannsins Helgu Gísladóttur – kaup á hlutabréfi, dags. 10. desember 1999 – nafnverð viðskipta kr. 10.000.000.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.15.1

Jóhannesi er kunnbert að grunur sé um að samningurinn hafi verið gerður til að ljúka endanlegu uppgjöri vegna viðskipta milli hans og hjónanna Eiríks Sigurðssonar og Helgu Gísladóttur, sem hófust með samningi 7. október 1998. Grunur er um að þessi samningur hafi tryggt hjónunum hækkun á söluverði Vöruveltunnar hf. um kr. 100.000.000 eða sem samsvarað hafi hlutum í Baugi hf. að nafnverði kr. 10.000.000 miðað við markaðsverð á genginu 10.

Jóhannes er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um að þessi hlutabréf hafi runnið til Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar.

Jóhannes segir að honum hafi ekki verið kunnugt um það.

-----  
**Samstarfs- og sölusamningur, dags. 5. júní 1999**

Jóhannesi er sýnt afrit af samstarfs- og sölusamningi milli Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar annars vegar og Baugs hf. hins vegar, dags. 5. júní 1999. Umræddur samningur fól í sér að Helga Gísladóttir seldi Baugi hf. 50 % af hlutafjáreign sinni í Veltunni ehf. fyrir hlutabréf í Baugi hf. að nafnverði kr. 10.000.000. Umrætt félag mun hafa átt sér stoð í 9. gr. kaupsamnings, dags. 21. maí 1999, um kaup Baugs hf. á 70 % hlutafjár í Vöruveltunni af Helgu Gísladóttur og Fjárfari ehf., en þar segir eftirfarandi:

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.16 og II/50.9

*Helga Gísladóttir og Baugur munu í sameiningu stofna félag með 5 millj. kr. hlutafé sem þau mun [svo] eiga að jöfnu sem hefur það að markmiði að vinna að því að stofna og starfrækja verlanir undir nafninu 10-11 erlendis. Unnið er að skráningu firmanafnsins í Evróðu [svo], Kanada og Bandaríkjunum og telst sú skráning eign hins nýja sameiginlega félags án sérstaks endurgjalds af hálfu Baugs, en ógreiddur kostnaður vegna skráningarinnar greiðir nýja félagið.*

Jóhannes er beðinn að gera grein fyrir þessum samningi og enn fremur spurður hvort hann hafi verið efndur og fyrir hvað hann hafi staðið.

Jóhannes segir að hann geti ekki gert neina grein fyrir þessum samningi, enda hafi hann ekki komið að gerð hans. Jóhannes segir að honum hafi ekki verið kunnugt um að þessi samningur hafi verið efndur með nokkrum hætti. Aðspurður segir Jóhannes að honum sé ekki kunnugt um það þau Helga og Eiríkur hafi fengið hlutabréf í Baugi hf. að nafnverði 10 milljónir króna.

**Litla fasteignafélagið ehf. – kaup og sala á fasteignum****Litla fasteignafélagið ehf.**

Jóhannes er spurður hvort hann hafi haft einhverja aðkomu að stofnun eða rekstri Litla fasteignafélagsins ehf.

Jóhannes segir að hann hafi ekki komið að stofnun eða rekstri þess. Jóhannes segir að hann viti ekkert um Litla fasteignafélagið ehf.

**Gögn frá hlutafélagaskrá um Fasteignafélagið Stoðir hf.**

Jóhannesi er sýnd samantekt Ríkislögreglustjórans á upplýsingum um skipan stjórnar o. fl. í Fasteignafélaginu Stoðum hf. Umrædd samantekt er byggð á gögnum er Ríkislögreglustjórinn aflaði hjá hlutafélagaskrá. Samkvæmt umræddum gögnum virðast þau Tryggvi Jónsson, Linda Jóhannsdóttir og Jón Scheving Thorsteinsson hafa stofnað hlutafélagið Fasteignafélagið Stoðir hf. 3. maí 1999. Eigendur félagsins eru sagðir Baugur hf. og Dúkur hf. Samkvæmt umræddum gögnum virðist Tryggvi Jónsson hafa við stofnun félagsins hafa verið stjórnarformaður, en þau Linda Jóhannsdóttir og Jón Scheving Thorsteinsson verið meðstjórnendur. Framkvæmdastjóri félagsins hefur við stofnun verið Linda Jóhannsdóttir. Endurskoðun félagsins við stofnun er sögð í höndum KPMG Endurskoðunar hf. og ritar Stefán Hilmarsson fyrir því. Aðalstarfsemi félagsins er sögð vera kaup og sala fasteigna og lausafármuna, útleiga eigna, verðbréfavíðskipti og annar skyldur rekstur. Samkvæmt fyrirleggjandi gögnum virðist stjórn félagsins hafa verið óbreytt til 25. ágúst 1999 en þá hefur Þórarinn Sveinsson tekið við stjórnarsetu af Jóni Scheving Thorsteinssyni og enn fremur Runólfur Þór Runólfsson ráðinn framkvæmdastjóri félagsins.

- Skjöl málsins nr. II/25.8.0 og II/25.8.1 til II/25.8.15

Jóhannes er spurður hvort hann hafi komið að stofnun þessa félags.

Jóhannes segir að hann hafi enga aðkomu haft að stofnun þessa félags.

Jóhannes er spurður hvernig eignarhaldi í félaginu hafi verið háttáð.

Jóhannes segir að hann viti það ekki. Jóhannes segir að Tryggvi Jónsson hafi séð um þessi mál fyrir hönd Baugs hf.

Jóhannesi er sýnt afrit af ársreikningi 1999 fyrir Fasteignafélagið Stoðir hf. Samkvæmt umræddum ársreikningi eru eigendur félagsins sagðir Baugur hf. með 48,3 % eignarhlut og Kaupping hf. með 48,3 % eignarhlut. Hluthafar félagsins eru sagðir fjórir.

- Skjöl rannsóknargagna nr. II/50.29.1

Jóhannes er spurður hvenær eignarhald félagsins hafi breyst með þessum hætti.

Jóhannes segir að hann viti það ekki.

**Kaup fasteigna til Litla fasteignafélagsins ehf.**

Jóhannesi er sýnt afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107376 vegna fasteignarinnar að **Langarima 21-23**, dags. 25. febrúar 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 106670 vegna fasteignarinnar að **Laugalæk 2**, dags. 25. febrúar 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107044 vegna fasteignarinnar að **Sporhömrum 3**,

*Handwritten signatures and numbers:*  
 [Signature] 06827



dags. 25. febrúar 1999 og afrit af fyrningarskýrslu 1998 fyrir Litla fasteignafélagið ehf. – úr skattframtali 1998. Allir gerningarnir eru undirritaðir af Grétari Haraldssyni og Solveigu Theodórsdóttur f. h. Litla fasteignafélagsins; af Helgu Gísladóttur og Eiríki Sigurðssyni f. h. Tíu ellefu hf. og Eiríki Sigurðssyni og Birni Árnasyni f. h. Vöruveltunnar hf. Samhliða þessum gögnum er Jóhannesi sýndur afritaður tölvupóstur með yfirskriftinni „Fasteignir“ milli Halldórs Jónssonar, Tryggva Jónssonar og Runólfs Þórs Runólfssonar, dags. 21. október 1999 kl. 16:05, ásamt meðfylgjandi drögum að tveimur kaupsamningum vegna Litla fasteignafélagsins sem send voru með viðhengjum. Kaupsamningsdrög vegna kaupa Litla fasteignafélagsins ehf. á fasteignum Vöruveltunnar hf. voru einnig send með viðhengi tölvupósts með yfirskriftinni „Afsal“, frá Hafsteini Sæmundssyni til Tryggva Jónssonar, dags. 24. ágúst 1999 kl. 13:44.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.17.4 til II/50.17.5 og II/50.23.3

Samkvæmt téðum gögnum og kaupsamningsdrögum hefur Litla fasteignafélagið ehf. keypt fasteignir frá Vöruveltunni hf. fyrir samtals kr. 217.100.000 ásamt yfirfærslu réttinda skv. fjármögnunarleigusamningum seljanda við Lýsingu hf., en umræddar fasteignir voru Suðurlandsbraut 48, Laugalækur 2, Sporhamrar 3, Langirimi 21-23 og Grímsbær/Efstaland 26.

Jóhannes er spurður hvort hann hafi haft einhverja aðkomu að þessum kaupum fasteigna til Litla fasteignafélagsins ehf.

Jóhannes segir að hann hafi enga aðkomu haft að því.

Jóhannes er spurður hvort hann viti hvernig kaupverð til Litla fasteignafélagsins hafi verið ákvarðað.

Jóhannes segir að hann hafi ekki vitneskju um það.

### **Samruni Litla Fasteignafélagsins og Fjárfestingarfélagsins Gaums**

Ársreikningur Litla fasteignafélagsins ehf. 1999

Jóhannesi er sýnt afrit af óundirrituðum árshlutareikningi Litla fasteignafélagsins ehf. 31. maí 1999 – dags. 17. ágúst 1999. Samkvæmt árshlutareikningnum, sem er fyrir tímabilið janúar-maí 1999, nam hagnaður tímabilsins 1,2 milljónir kr., veltufé frá rekstri nam 2,4 milljónum króna, handbært fé frá rekstri nam 7,7 milljónum króna og eigið fé í lok tímabilsins var neikvætt um 1 milljón kr. Einu rekstrartekjur tímabilsins voru húsaleigutekjur 17,9 milljónir kr. og eignir námu 446 milljónum kr., þar af voru fasteignir og lóðir 440 milljónir kr. Fyrir liggur að félagið var með langtímasamninga um allar fasteignir þess.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.19.3

Jóhannes er spurður hvort hann hafi komið að gerð þessa árshlutareiknings.

Jóhannes segir að hann hafi ekki komið að gagnaöflun eða neinu þvímúliku í tengslum við þennan reikning.

### **Gögn um samruna Litla fasteignafélagsins ehf. við Fjárfestingafélagið Gaum ehf.**

Jóhannesi er sýnt afrit af tilkynningu KPMG Endurskoðunar ehf. til hlutafélagaskrár um samruna Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. og Litla fasteignafélagsins ehf., dags. 31. maí 2000 – móttakið 26. júní 2000.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/25.7.9

Jóhannesi er enn fremur sýnt afrit af óundirrituðum samrunaefnahagsreikningi Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. og Litla fasteignafélagsins ehf. vegna ársins 1999. Samkvæmt ársreikningnum námu rekstrartekjur 179,1 milljón kr., þar af námu húsaleigutekjur 19,5 milljónum kr. og söluhagnaður fasteigna 159,6 milljónum kr. Eignir námu 157,6 milljónum kr., sem var krafa á Fjárfestingafélagið Gaum ehf.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.19.4

Jóhannes er spurður hvort hann hafi komið að þessum samruna.

Jóhannes segir að hafi ekki komið að þessum samrunu, en þar til bærir fagmenn hafi unnið að gerð hans.

Jóhannes er spurður hvort Gaumur ehf. hafi keypt Litla fasteignafélagið.

Jóhannes segir að hann viti það ekki nákvæmlega, en hafi svo verið þá hafi verið það e. t. v. verið vegna tímabundinnar ráðstöfunar.

Jóhannesi er sýnt afrit af kvittun um að Gaumur hf. hafi greitt Solveigu Theodórsdóttur og Grétari Haraldssyni andvirði hlutafjáreignar í Litla fasteignafélaginu ehf., dags. 31. desember 1999. Samkvæmt téðu skjali hefur Gaumur hf. greitt þeim Grétari og Solveigu kr. 500.000 fyrir hlutafé Litla fasteignafélagsins ehf.

- Skjöl rannsóknargagna nr. II/50.26.1

Jóhannes er spurður hvort Fjárfestingarfélagið Gaumur hf. hafi greitt þessa fjárhæð til Grétars Haraldssonar og Sólvegar Theodórsdóttur.

Jóhannes segir að honum sé ekki kunnugt um það, en vísar í því sambandi á bókhald Gaums ehf., sem ætti að segja til um það.

#### **Sala fasteigna frá Litla fasteignafélaginu ehf. til Fasteignafélagsins Stoða hf.**

Jóhannesi er sýnt afrit af samkomulagi Lýsingar hf. og Fasteignafélagsins Stoða hf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107376 vegna fasteignarinnar að **Langarima 21-23**, dags. 1. nóvember 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Fasteignafélagsins Stoða hf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 106670 vegna fasteignarinnar að **Laugalæk 2**, dags. 1. nóvember 1999 og afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Fasteignafélagsins Stoða hf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107044 vegna fasteignarinnar að **Sporhömrum 3**, dags. 1. nóvember 1999. Samhliða þessum gögnum er Jóhannesi sýndur afritaður tölvupóstur með yfirskriftinni „Fasteignir“ milli Halldórs Jónssonar, Tryggva Jónssonar og Runólfs Þórs Runólfssonar, dags. 21. október 1999 kl. 16:05 og milli Tryggva Jónssonar, ásamt meðfylgjandi drögum að tveimur kaupsamningum vegna Litla fasteignafélagsins sem send voru með viðhengjum.

- Skjöl rannsóknargagna nr. II/50.18.2 til II/50.18.4 og II/50.23.5

Jóhannesi er enn fremur sýnt afrit af kaupsamningi milli Fasteignafélagsins Stoða hf. (kaupandi) og Litla fasteignafélagsins ehf. (seljandi) um yfirfærslu eignarréttar fasteigna að Barónstíg 2, Engihjalla 8, Suðurlandsbraut 48, Laugalæk 2, Sporhamra 3, Langarima 21-23 og Efstaland 26, dags. 1. júní 1999. Samkvæmt umræddum samningi hefur Fasteignafélagið Stoðir hf. keypt fasteignir frá Litla fasteignafélaginu ehf. fyrir samtals kr. 604.554.000, en þar af eru fasteignir er áður voru í eigu Vöruveltunnar hf. metnar á kr. 357.204.000 ásamt yfirfærslu réttinda skv. fjármögnunarleigusamningum seljanda við Lýsingu hf. Umræddar fasteignir voru Suðurlandsbraut 48, Laugalækur 2, Sporhamrar 3, Langirimi 21-23 og Grímsbær/Efstaland 26. Kaupsamningurinn er undirritaður af Kristínu Jóhannesdóttur fyrir hönd Litla fasteignafélagsins ehf. og af Tryggva Jónssyni og Lindu Jóhannsdóttur fyrir hönd Fasteignafélagsins Stoða hf.

- Skjöl rannsóknargagna nr. II/50.18.1

Jóhannesi er kunnbert að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum sé grunur um að verðið hafi miðast við leigu í átta og hálf ár, sbr. tölvupóstskeyti Tryggva Jónssonar til Kristínar Jóhannesdóttur, dags. 28. október 1999 kl. 16:25, en þar segir eftirfarandi:

- Skjöl rannsóknargagna nr. II/50.23.5

Handwritten signatures and a stamp: 06829

*Þegar LF keypti þá var stuðst við bókfært verð. Þegar Stoðir keypti þá var stuðst við leigu í 8,5 ár. Leigufjárhæðir komu frá JÁJ*

Jóhannes er spurður hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Jóhannes segir að honum sé ekki kunnugt um það.

Jóhannesi er sýnt afrit af uppgjöri vegna kaupsamnings dags. 1. júní 1999 milli Fasteignafélagsins Stoða hf., sem kaupanda og Litla fasteignafélagsins, sem seljanda, ódagsett og afrit af reikningsyfirlitum Íslandsbanka á reikningi Gaums nr. 0527-26-1099 vegna innborgana að fjárhæð kr. 50.000.000, dags. 7. september 1999; kr. 10.000.000, dags. 18. október 1999 og kr. 97.606.323, dags. 20. desember 1999.

- Skjöl rannsóknargagna nr. II/50.18.5 og II/50.18.6

Jóhannesi er kunnbert að samkvæmt téðum gögnum hafi söluhagnaður fasteigna verið tilkominn vegna sölu fasteigna Litla fasteignafélagsins ehf. til Fasteignafélagsins Stoða hf., dags. 1. júní 1999. Samtals hafi söluverðmæti fasteignanna sem áður segir numið 604,6 milljónum kr. og að frádregnum yfirteknum langtímalánum að fjárhæð 252,7 milljónum kr. skv. kaupsamningi og yfirtöku skammtímaskulda hafi útborgun numið kr. 157.606.323 og hafi hún runnið inn á bankareikning í eigu Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. sem hér segir:

Dags.	Kr.
07.09.1999	50.000.000
18.10.1999	10.000.000
20.12.1999	97.606.323
<b>Samtals</b>	<b>157.606.323</b>

Jóhannes er spurður hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Jóhannes segir að hann viti það ekki.

Jóhannesi er sýnd tafla þar sem tekna hafa verið saman upplýsingar um kaup og sölu allra fasteigna til Litla fasteignafélagsins ehf. á árunum 1998 og 1999. Taflan byggir á tilvísuðum skjölum og þeim gögnum sem honum hefur nú verið kynnt.

Fasteignir: Í þús. kr.	Skjalanúmer	Kaupverð 1998	Skjalanúmer	Kaupverð 1999	Skjalanúmer	Söluverð 01.06.1999	Mismunur
<i>Keypt af Vöruveltunni hf.:</i>							
Suðurlandsbraut 48	II/50.23.5	11.812				14.790	2.978
Laugalækur 2	II/50.17.5	21.032			II/50.18.3	58.038	37.006
Sporhamrar 3	II/50.17.6	39.324			II/50.18.4	58.038	18.714
Langarimi 21-23	II/50.17.4	52.432			II/50.18.2	58.038	5.606
Grímsbær/Efstaland 26		92.500				168.300	75.800
<i>Samtals keypt af Vöruv.:</i>	II/50.23.5 II/50.17.7	<i>217.100</i>				<i>357.204</i>	<i>140.104</i>
<i>Keypt af öðrum:</i>							
Engihjalli 8	II/50.17.7	158.000				183.600	25.600
Barónstígur 2 – kaupár 1999	II/50.17.7		II/50.19.3 (bls. 9)	62.000		63.750	1.750
<b>Samtals</b>	II/50.17.7	<b>375.100</b>		<b>62.000</b>	II/50.18.1 II/50.18.5	<b>604.554</b>	<b>167.454</b>

Jóhannesi er kunnbert að samkvæmt töflunni hafi innborgun til Fjárfestingarfélagssins Gaums ehf. vegna kaupa fasteigna, sem áður voru í eigu Vöruveltunnar hf., numið rúmunum 140 milljónum króna, en umræddar fasteignir voru: Suðurlandsbraut 48, Laugalækur, Sporhamrar, Langarimi 21-23 og Grímsbær/Efstaland 26.

Jóhannes er spurður um afstöðu til þess.

Jóhannes segir að hann hafi ekkert um það að segja.

-----  
Jóhannes er spurður að lokum hvort hann vilji taka eitthvað sérstaklega fram eða koma á framfæri einhverjum ábendingum eða athugasemdum.

Jóhannes segir að hafi engu við þetta að bæta.

Einar Þór, verjandi Jóhannesar, er spurður hvort hann vilji koma á framfæri athugasemdum við framkvæmd yfirheyrslunnar.

Einar Þór segir að hann óski eftir að fá í hendur endurrit allra rannsóknargagna í hendur vegna þessa máls.


Jóhannes hefur lesið skýrsluna yfir. Hann telur skýrsluna rétt bókaða og engu við að bæta.

Yfirheyrslu og yfirllestri skýrslu lokið mánudaginn 27. júní 2005 kl. 15.22.


Yfirlesið staðfest rétt

  
Jóhannes Jónsson

Skýrslu gerir

  
Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi

Viðstaddur yfirheyrslu, staðfest rétt

  
Einar Þór Sverrisson, héraðsdómslögmaður

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	R L S	
Skýrslu gerir		Mál nr.	
Grímur Grímsson lögreglufulltrúi		006-2002-0086	
Staður og stund:	Skrifstofa efnahagsbrotadeildar RLS, mánudaginn 27. júní 2005, kl. 15:23.		V/2.6.
Sakarefni:	Ætluð brot gegn ákvæðum laga um hlutafélög og almennum hegningarlögum.		
Sakborningur/grunaður:	Jóhannes Jónsson	Kennitala:	310840-3009
Starf/staða:	Verslunarmaður	Vinnusími:	894 1777
Lögheimili:	Hrafnabjörg 4, Akureyri	Sími:	
Dvalarstaður:		Sími:	

Jóhannes Jónsson er mættur til yfirheyrslu samkvæmt boðun.

Jóhannesi er kynnt tilefni yfirheyrslunnar sem varðar ætluð brot hann gegn ákvæðum XXVI. kafla alm. hgl. nr. 19/1940 og 104. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög varðandi færslur á viðskiptamannareikning Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. hjá Baugi hf. árin 1998 – 2001 (28.2. 2002).

Jóhannes nýtur réttarstöðu sakbornings við rannsókn málsins samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, en vafi þykir vera á hans aðkomu að þeirri ætluðu refsiverðu háttsemi sem til rannsóknar er. Sú aðkoma er vegna stöðu Jóhannesar hjá Fjárfestingarfélaginu Gaumi ehf. Sökum vafans þykir rétt að Jóhannes hafi þessa réttarstöðu vegna réttarfarshagsræðis.

Jóhannesi er kunngerð réttarstaðan þess efnis að honum sé óskyldt að svara spurningum um þá ætluðu refsiverðu háttsemi sem hann verður yfirheyrður um, sbr. 3. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Brýnt er fyrir Jóhannesi að ef hann kjósi að tjá sig um hið ætlaða sakarefni að skýra þá satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kunni að skipta, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1991. Jóhannesi er enn fremur kunnert að hann þurfi ekki að skýra frá atriðum sem kunna að varpa sök á venslamenn hans.

Jóhannes kveðst aðspurður skilja tilefni yfirheyrslunnar og tilvitnuð réttarfarsákvæði. Með Jóhannesi er mættur Einar Þór Sverrisson hdl. skipaður verjandi Jóhannesar og verður hann viðstaddur yfirheyrsluna.


Viðstaddur yfirheyrsluna og þátttakandi í henni er Sveinn I. Magnússon lögreglufulltrúi.

Jóhannesi er kynnt að við yfirheyrslu fyrr í dag hafi komið fram að hann hafi verið stjórnarmaður og stjórnarformaður í Gaumi ehf. (áður Ísaldi ehf.) frá stofnun félagsins og framkvæmdastjóri þess frá stofnun til 27. ágúst 1999.

Jóhannesi er kynnt að sem skráðum framkvæmdastjóra Gaums ehf. (áður Ísaldi ehf.) frá stofnun félagsins fram til 27. ágúst 1999 og stjórnarmanni og stjórnarformanni þess félags frá stofnun þess svo og stjórnarmanni í Baugi frá stofnun þess félags verði nú bornar undir hann lánveitingar frá Baugi til Gaums á nefndu tímabili.

Eftirfarandi gögn liggja frammi við yfirheyrsluna:

Greinargerð endurskoðenda efnahagsbrotadeildar dags. 27. maí 2005 um greiningu á bókhaldsfærslum viðskiptamanna- og lánardrottnareikninga Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. í bókhaldi Baugs hf. 1998-28.8.2002.



9

Samantekt rannsóknara í Excelskjali með fyrirsögninni „Lánveitingar Baugs hf. til Gaums ehf. – Ætlaðar ólögmætar lánveitingar og auðgunarbrot“ merkt „Efnahagsbrotadeild mars 2005“ en þar eru skráðar þær færslur á viðskiptareikning Gaums ehf. í bókhaldi Baugs hf. sem taldar eru falla undir ætlaðar ólögmætar lánveitingar Baugs hf. og auðgunarbrot.

Hreyfingalisti viðskiptamannareiknings Gaums ehf. í bókhaldi Baugs hf. sem prentaður var út úr afrituðu bókhaldi Baugs hf. sem lagt var hald á í húsleit 28. ágúst 2002.

Greinargerð Stefáns Hilmarssonar dags. 21. september 2004 (Fylgigögn skjals II/23.11)

Vísað verður til annarra gagna málsins eins og þurfa þykir.

Jóhannesi er kynnt tafla með samtals 37 færslum á viðskiptareikning Gaums ehf. í bókhaldi Baugs hf. Færslurnar eru að mati RLS ætlaðar ólögmætar lánveitingar Baugs hf. til Gaums ehf., sbr. 104. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, samtals að fjárhæð kr. 433.760.155,00 á tímabili frá 30. september 1998 til og með 30. september 2001. Þar af eru samtals 7 færslur einnig ætlaður fjárdráttur eða ætluð umboðssvik, sbr. 247. og 249. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Samtals er um að ræða kr. 342.829.987,00 sem varða ætluð auðgunarbrot. Færslurnar eru sundurliðaðar í nefndu Excel-skjali. Þar er einnig vísað til stöðu á viðskiptareikningi Gaums ehf. þegar hver færsla var gerð svo og dagsetning endurgreiðslu lánveitingarinnar.

Jóhannes er nú spurður hvort hann vilji á þessu stigi kynna sér gögn að baki töflunni svo og önnur ofangreind gögn sem liggja fyrir við yfirheyrsluna.

Jóhannes segir að hann kjósi að tjá sig ekki um þessi gögn.

Kl. 15:29 er gert hlé á yfirheyrslu að beiðni verjanda.

Kl. 15:32 er yfirheyrslu framhaldið.

Jóhannes óskar eftir að koma á framfæri eftirfarandi athugasemd:

„Að mínu mati er ekki um að ræða ólögmætar lánveitingar heldur hluta af eðlilegum viðskiptum á milli félaganna. Samkvæmt þeim sérfræðingum sem ég hef leitað til felur það ekki í sér refsiverða háttsemi. Á þeim grundvelli mótmæli ég sakargiftunum og vísa til þess sem áður hefur verið fært fram í málinu.“

### Umsjón með viðskiptum Baugs hf. og Gaums ehf.

Jóhannes er spurður hver hafi komið fram fyrir hönd Gaums ehf. í viðskiptum á milli félagsins og Baugs hf.

Jóhannes segir að hann kjósi að svara ekki spurningunni.

Jóhannes er spurður hvaða aðilar hjá Baugi hf. hafi komið fram fyrir hönd þess félags í viðskiptum á milli Gaums ehf. og Baugs hf.

Jóhannes segir að hann kjósi að svara ekki spurningunni.

Jóhannes er spurður hvort gert hafi verið samkomulag á milli Baugs hf. og Gaums ehf. þess efnis að Baugur hf. gerði Gaumi ehf. reikninga vegna einhverra þátta í rekstri Baugs hf.

Jóhannes segir að hann kjósi að svara ekki spurningunni.

**Reikningar sem Baugur hf. gerir á Gaum ehf. vegna útlagðs kostnaðar.**

Hér á eftir verður spurt um einstakar lánveitingar sem tilgreindar eru í greindu Excel-skjali rannsóknara.

Skýring	Samt fjárhæð	Dags færslu	Dags endurgreiðslu	Staða á vskr fyrir færslu
Gagnabanki Íslands R6824	399.807	30.09.1998	20.05.2002	0

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Jóhannes og hann spurður hvort hann kannist við færsluna.

Jóhannes kveðst ekki kannst við þessa færslu.

Jóhannesi er kynnt að nefndur reikningur að fjárhæð kr. 399.807,00 hafi verið ógreiddur þann 20. maí 2002 þegar víxileign að fjárhæð kr. 244.347.997,00 var færð til lækkunar á viðskiptareikningi Gaums ehf. hjá Baugi hf.

Jóhannes er spurður hvers vegna þessi reikningur hafi ekki verið greiddur frá 30. september 1998 til 20. maí 2002.

Jóhannes segir að honum sé ekki kunnugt um ástæðu þess.

Jóhannes er spurður hvort fram hafi farið innheimtuaðgerðir að hálfu Baugs hf. vegna þessa reiknings.

Jóhannes segir að honum sé ekki kunnugt um það.

Skýring	Samt fjárhæð	Dags færslu	Dags endurgreiðslu	Staða á vskr fyrir færslu
Hagstofa Íslands	1.623	06.11.1998	20.05.2002	12.849.807

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Jóhannes og hann spurður hvort hann kannist við færsluna.

Jóhannes kveðst ekki kannst við þessa færslu.

Jóhannesi er kynnt að nefndur reikningur að fjárhæð kr. 1.623,00 hafi verið ógreiddur þann 20. maí 2002 þegar víxileign að fjárhæð kr. 244.347.997,00 var færð til lækkunar á viðskiptareikningi Gaums ehf. hjá Baugi hf.

Jóhannes er spurður hvers vegna þessi reikningur hafi ekki verið greiddur frá 6. nóvember 1998 til 20. maí 2002.

Jóhannes segir að honum sé ekki kunnugt um ástæðu þess.

Jóhannes er spurður hvort fram hafi farið innheimtuaðgerðir að hálfu Baugs hf. vegna þessa reiknings.

Jóhannes segir að honum sé ekki kunnugt um það.

**Formlegar lánveitingar Baugs hf. til Gaums ehf.**100 mkr. 23. ágúst 1999.

Kynnt er að skv. hreyfingalista viðskiptamannareiknings Gaums ehf. hjá Baugi hf. hafi Baugur hf. þann 23. ágúst 1999 fært kröfu á Gaum ehf. að fjárhæð kr. 100.000.000,00 með skýringunni „Gaurur v/hlutafjárútbóð“.

Einnig er kynnt að skv. bókhaldi Baugs hf. hafi mótfærsla verið gerð á bankareikning Baugs hf. nr. 720 hjá Íslandsbanka.

Jafnframt er kynnt að eftir nefnda færslu hafi krafa Baugs hf. á viðskiptamannareikningi á hendur Gaumi ehf. verið kr. 182.782.689,00.

Spurt er hvort Jóhannes þekki þessa færslu að fjárhæð kr. 100.000.000,00 á viðskiptamannareikning Gaums ehf. hjá Baugi hf., dags. 23. ágúst 1999.

Jóhannes segir að hann kjósi að svara ekki þessari spurningu.

Kynnt er að skv. greinargerð Stefáns Hilmarssonar endurskoðanda dags. 21. september 2004 hafi Baugur hf. greitt kr. 100.000.000,00 til Íslandsbanka þann 23. ágúst 1999 vegna hlutafjárútbóðs félagsins sem hófst í apríl 1999.

Jóhannes er beðinn um að skýra ástæðu þess að Baugur hf. hafi greitt kr. 100.000.000,00 fyrir Gaum ehf. þann 23. ágúst 1999.

Jóhannes segir að hann kjósi að svara ekki þessari spurningu. Jóhannes segir að aðilar honum tengdir hafi skýrt þessa færslu við yfirheyrslu hjá lögreglu.

Spurt er hvort Baugur hf. hafi með greiðslu að fjárhæð kr. 100.000.000,00 fyrir Gaum ehf. vegna hlutafjárútbóðs í Baugi hf. fjármagnað kaup Gaums ehf. á hlutafé í Baugi hf.

Jóhannes segir að hann kjósi að svara ekki þessari spurningu. Jóhannes segir að aðilar honum tengdir hafi skýrt þessa færslu við yfirheyrslu hjá lögreglu.

Spurt er hvort nefnd lánveiting að fjárhæð kr. 100.000.000,00 dags. 23. ágúst 1999 hafi verið borin undir stjórn Baugs hf. eða einstaka meðlimi stjórnar.

Jóhannes segir að hann kjósi að svara ekki þessari spurningu. Jóhannes segir að aðilar honum tengdir hafi skýrt þessa færslu við yfirheyrslu hjá lögreglu.

Spurt er hvort nefnd lánveiting hafi verið hluti af fjárfestingastefnu Baugs hf.

Jóhannes segir að hann kjósi að svara ekki þessari spurningu. Jóhannes segir að aðilar honum tengdir hafi skýrt þessa færslu við yfirheyrslu hjá lögreglu.

Jóhannesi er nú kynnt að rannsókarari hafi lokið formlegri yfirheyrslu.

Jóhannes er spurður hvort hann vilji koma á framfæri athugasemdum varðandi það efni sem hann hefur verið yfirheyrður um í dag.

Jóhannes kveður svo ekki vera.



Jóhannes les nú yfir framburð sinn.

Yfirheyrslu lauk kl. 1553.

Opplesið staðfest rétt eftir haft:

Viðstaddur yfirheyrslu:

Skýrsluna skráði.

Viðstaddur yfirheyrslu:

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	RLS	
Skýrslu gerir Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-00086	V/2.7	
Staður og stund: Mánudagur 27. júní 2005 kl. 15:54 – Skrifstofa RLS, Skúlagötu 21, Reykjavík			
Sakarefni: Ætlaður fjárdráttur – brot á lögum um bókhald.			
Sakborningur/grunaður: Jóhannes Jónsson	Kennitala: 310840-3009		
Starf/staða: Verslunarmaður	Vinnusími:		
Lögheimili: Hrafnabjörg 4, Akureyri	Sími:		
Dvalarstaður:	Sími:		

Jóhannes Jónsson er mættur til yfirheyrslu á skrifstofu Ríkislögreglustjórans samkvæmt boðun. Honum er kunnert um tilefni yfirheyrslunnar, sem er opinber rannsókn á ætluðum brotum forráðamanna Baugs hf. og í tengslum við fjármögnun og rekstur bátsins Thee Viking á Miami í Flórída, á árunum 1999-2002.

Jóhannes nýtur réttarstöðu sakbornings við rannsókn málsins samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Jóhannesi er kunngerð réttarstaðan um að honum sé óskilyt að svara spurningum um þá ætluðu refsiverðu háttsemi sem hann verður yfirheyrður um, sbr. 3. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Brynt er fyrir Jóhannesi að ef hann kjósi að tjá sig um hið ætlaða sakarefni að skýra þá satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kunni að skipta, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1991. Jóhannesi er enn fremur kunnert að hann þurfi ekki að skýra frá atriðum sem kunna að varpa sök á venslamenn hans.

Aðspurður segir Jóhannes að hann skilji þau ákvæði réttarfarslaga er honum hafa verið gjörð kunn. Með Jóhannesi er mættur Einar Þór Sverrisson, héraðsdómslögmaður og dómskipaður verjandi Jóhannesar við opinbera rannsókn málsins.

Viðstaddur og þátttakandi í yfirheyrslunni er Grímur Grímsson, lögreglufulltrúi. Yfirheyrslan fer þannig fram að skýrsla er rituð og skráð í tölvu. Spurningar og eftir atvikum gögn eru lögð fyrir Jóhannes og svör hans við þeim síðan bókuð eftir honum í óbeinni ræðu.

Jóhannesi er kynnt að í þágu rannsóknar á ætluðum kaupum hans og Jóns Ásgeirs á bátnum Thee Viking á Miami í Flórída með Jóni Geraldí Sullenberger árið 1999 hafi lögregla meðal annars aflað gagna úr bókhaldi Fjárfestingarfélagssins Gaums ehf. sem og frá Bónus sf. varðandi útgefna reikninga frá Nordica Inc. á árunum 1996-1999 sem stílaðir voru á umrædd félög, greiddir og færðir í bókhald. Byggist sú rannsókn á framburði Jóns Geraldís, en hann hefur gefið þær skýringar hjá lögreglu um forsögu málsins að bátaviðskipti hans, Jóns Ásgeirs og Jóhannesar ná allt aftur til ársins 1996 þegar þeir Jón Gerald og Jón Ásgeir hafi keypt bátinn Icelandic Viking I, árið 1997 hafi þeir þrír keypt bátinn Icelandic Viking II og loks árið 1999 hafi þeir keypt bátinn Thee Viking. Á tímabilinu frá 1996 til ársloka árið 1999 hafi Jón Gerald innheimt hlutdeild Jóns Ásgeirs og Jóhannesar Jónssonar varðandi fjármögnun og rekstur bátanna með útgáfu reikninga sem upphaflega voru stílaðir á Bónus en síðar Gaum.

Jóhannesi er nú sýnt yfirlit þeirra reikninga Nordica Inc. sem afhentir hafa verið af Baugi-Group hf. vegna Bónus sf. sem og þeir reikningar Nordica Inc. sem afhentir hafa verið af Gaumi ehf. Um er að ræða þá reikninga sem Jón Gerald hefur gert grein fyrir og sagt að varði innheimtu hans á hlutdeild Jóns Ásgeirs og Jóhannesar í kostnaði við fjármögnun og rekstur bátanna. Jóhannesi er kynnt að á yfirlitinu komi einnig fram bókhaldsfærsla umræddra reikninga og hver greiðandi hafi verið hverju sinni. Umræddir reikningar liggja einnig frammi og honum kunnert að hann sé ekki grunaður um fjárdrátt varðandi þessa reikninga sérstaklega.

G/06837

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Nr. reiknings	Dags. reiknings	Fjárhæð reiknings	Greiðandi	Fjárhæð USD	Reikn.lykill í bókhaldi greiðanda	Fjárhæð ISK
99089		7.269,59	Gaurur	10.296,91	Nordica	743.932,00
99082		3.027,32		<b>10.296,91</b>		<b>743.932,00</b>
99071	26.8.1999	7.230,02	Gaurur	7.230,02	Nordica	528.736,00
				<b>7.230,02</b>		<b>528.736,00</b>
99058	7.7.1999	9.499,39	Gaurur	9.499,39	Nordica	709.644,00
				<b>9.499,39</b>		<b>709.644,00</b>
99057	7.7.1999	6.962,00	Gaurur	6.962,00	Nordica	526.918,00
				<b>6.962,00</b>		<b>526.918,00</b>
99049	7.6.1999	5.230,80	Baugur hf.	5.230,80		
				<b>5.230,80</b>		<b>526.918,00</b>
99040	15.4.1999	5.455,85	Gaurur	5.456,00	Nordica	401.532,00
				<b>5.456,00</b>		<b>401.532,00</b>
99034	15.3.1999	8.670,25	Gaurur	8.670,25	Nordica	626.185,00
				<b>8.670,25</b>		<b>626.185,00</b>
99018	11.2.1999	7.126,79	Gaurur	7.126,79	Nordica	512.355,00
				<b>7.126,79</b>		<b>512.355,00</b>
98153	15.12.1998	5.759,76	Ísaldi	5.759,76	Nordica	402.919,00
				<b>5.759,76</b>		<b>402.919,00</b>
98149	11.11.1998	4.608,69	Ísaldi	4.608,69	Nordica	322.240,00
				<b>4.608,69</b>		<b>322.240,00</b>
98112	14.9.1998	9.185,73	Ísaldi	9.185,73	Nordica	645.346,00
				<b>9.185,73</b>		<b>645.346,00</b>
98089	4.8.1998	6.999,43	Ísaldi	6.999,43	Nordica	502.179,00
				<b>6.999,43</b>		<b>502.179,00</b>
98065	6.7.1998	6.334,92	Ísaldi	6.334,92	Nordica	457.664,00
				<b>6.334,92</b>		<b>457.664,00</b>
98060	16.6.1998	6.674,30	Ísaldi	6.674,30	Nordica	477.078,00
				<b>6.674,30</b>		<b>477.078,00</b>
98041	15.5.1998	5.572,31	Bónus sf.	3.344,22	Ísaldi	208.313,00
				2.228,09	Jón Ásg. Jóh.	192.004,00
				<b>5.572,31</b>		<b>400.317,00</b>
98026	7.4.1998	8.520,55	Bónus sf.	8.520,55	Gaurur	615.461,00
				<b>8.520,55</b>		<b>615.461,00</b>
98017	9.3.1998	10.095,11	Bónus sf.	10.095,11	Gaurur	82.622,00
					Ferðakostnaður	656.673,00
				<b>10.095,11</b>		<b>739.295,00</b>
98006	10.2.1998	2.173,57	Bónus sf.	2.173,57	Ísaldi	158.403,40
				<b>2.173,57</b>		<b>158.403,40</b>

Sp. Af-  
06838

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

<b>97133</b>	6.12.1997	3.796,87	Bónus sf.	3.796,87	Ferðakostnaður	272.768,00
				<b>3.796,87</b>		<b>272.768,00</b>
<b>97087</b>	3.10.1997	9.655,56	Bónus sf.	9.655,56	Ísaldi	564.076,00
					Ferðakostnaður	127.246,00
				<b>9.655,56</b>		<b>691.322,00</b>
<b>97078</b>	5.9.1997	10.416,09	Bónus sf.	10.416,09	Gaumur	447.970,00
					Ferðakostnaður	304.605,00
				<b>10.416,09</b>		<b>752.575,00</b>
<b>97066</b>	9.7.1997	5.755,94	Bónus sf.	2.918,00	Gaumur	208.403,00
				1.050,00	Tölvuþjónusta	74.991,00
				1.788,00	Ferðakostnaður	129.050,00
				<b>5.756,00</b>		<b>412.444,00</b>
<b>97048</b>	6.6.1997	5.031,16	Gaumur	1.271,00	Biðreikningur	89.693,00
			Bónus sf.	3.760,00	Hof hf.	266.256,00
				<b>5.031,00</b>		<b>355.949,00</b>
<b>97043</b>		6.515,34	Ísaldi	6.515,34	Biðreikningur	466.210,40
				<b>6.515,34</b>		<b>466.210,40</b>

Jóhannesi er gefinn kostur á að gera nánari grein fyrir þessum reikningum.

Jóhannesi kveðst kjósa að gera það ekki.

Jóhannes er spurður hvort hann geti skýrt ástæðu þess að á reikningum nr. 97048, 97066 og 98017 hefur verið handritað m.a. skýringin “bátur” við kostnaðarliðina “Rent” - “Storage rent” – “Storage rent Key B” og “Bank charges old b” en þar virðist sem um sé að ræða handritaðar skýringar fyrir starfsfólk í bókhaldi varðandi færslumáta reikninganna.

Jóhannes kveðst engar skýringar kunna á þessu.

Jóhannesi er nú kynntur framburður Jóns Gerald Sullenberger sem hann gaf hjá lögreglu þann 20.06.2005 og liggur sú framburðarskýrsla frammi. Jón Gerald var meðal annars beðinn um að gera grein fyrir reikningi Nordica Inc. nr. 97048 og kom m.a. eftirfarandi fram:

*“...Seinni hluti reikningsins varði hins vegar fjármögnun og rekstur bátsins. Til að skýra það nánar þá segir hann að USD 1.060,- sé helmingur af mánaðarlegri afborgun af því USD. 135.000,- láni sem Jón Gerald hafði tekið hjá Ready State Bank til að fjármagna kaupin á bátinum Viking I. Hann hafði þarna verið að innheimt endurgreiðslu af þeim helmingshlut sem Jón Ásgeir hafði átt að borga af því láni.*”

*Jón Gerald kveðst einnig hafa innheimt kostnað af Bandarískum farsíma Jóns Ásgeirs samtals USD. 61,16. Jón Gerald kveðst auk þess hafa innheimt hafnargjöld með þessum reikningi samtals USD. 150,-. Aðspurður segir Jón Gerald ástæðu þess að gjaldaliðurinn varðandi lánið sé með skýringunni “Rent” og hafnargjöldin með skýringunni “Packaging storing deliverin” sé sú að Jón Ásgeir hafði ekki viljað að það kæmi augljóslega fram á reikningnum að um væri að ræða kostnaðarliði vegna fjármögnunar og reksturs bátsins og því hafði skýringarnar verið settar fram með þessum hætti. Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu.”*

Jóhannes er beðinn um að taka afstöðu til þessa framburðar og kynnt að framburður Jóns Gerald varðandi alla ofangreinda reikninga hafi verið á sömu lund.

Jóhannes segir að hann hafi engu við fyrri framburð sinn að bæta varðandi þessi bátamál og kveðst ekkert hafa um þennan framburð Jóns Geralds að segja.


Jóhannesi er kynnt að þann 29.08.2002 hafi lögregla óskað eftir þeim bókhaldsgögnum Gaums ehf. sem vörðuðu viðskipti við Nordica Inc. Það hafi vakið athygli rannsóknara að þann 31.08.2002 er staða viðskiptareiknings Nordica Inc. í bókhaldi Gaums kr. 2.404.871. Fjárhæðin samanstendur af færslum sem byggjast á greiðslum vegna VISA greiðslukorts Jóns Geralds í nafni Gaums ehf og allar eru skráðar í bókhald Gaums þann 31.08.2002, eða örfáum dögum eftir hútleit ríkislögreglustjóra í höfuðstöðvum Baugs hf. í Skútuvogi og eftir að rannsóknarar höfðu óskað eftir umræddum gögnum frá Kristínu Jóhannesdóttur, framkvæmdastjóra Gaums ehf. Færslurnar eru vegna leiðréttinga á fyrri færslum í bókhaldi félagsins og ná allt aftur til ársins 1999 og erum ýmist leiðréttingar á áður gjaldfærðum ferðakostnaði (736.084 kr.) eða millifærslur af viðskiptamannareikningi í nafni Jóns Ásgeirs Jóhannessonar (1.671.787 kr.) í bókhaldi Gaums. Umræddar leiðréttingar eru eftirfarandi:

Bakfært (eignfært) pr. 31.08.2002					Færslur áður færðar í bókhaldi Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf.				
0006-0007 Nordica, USA									
Fskj.		Fjárhæð	Fjárhæð		Fskj.	Dags.	Reikn.	Fjárhagsbókhald	Viðskiptamannabókhald
		ISK	USD			bókað pr.	lykill		
a	363	Visa (03.11.99)	387.831	5.490	356	31.12.1999	39262	Ferðakostnaður erl. án vsk	
a	364	Visa (06.01.00)	128.233	1.756	69	31.1.2000	392262	Ferðakostnaður erl. án vsk	
a	365	Visa (04.05.00)	118.308	1.539	37	5.5.2000	392262	Ferðakostnaður erl. án vsk	
a	366	Visa (05.07.00)	101.712	1.328	81	31.7.2000	392262	Ferðakostnaður erl. án vsk	
b	367	Visa (03.09.99)	241.014	3.289	254	30.9.2000	73110	Innlendar viðskiptakröfur	Viðskm nr. 270168-4509 JAJ
b	368	Visa (03.02.00)	270.948	3.725	400	31.12.2000	73110	Innlendar viðskiptakröfur	Viðskm nr. 270168-4509 JAJ
b	369	Visa (03.03.00)	126.859	1.743	400	31.12.2000	73110	Innlendar viðskiptakröfur	Viðskm nr. 270168-4509 JAJ
b	370	Visa (05.04.00)	154.097	2.076	400	31.12.2000	73110	Innlendar viðskiptakröfur	Viðskm nr. 270168-4509 JAJ
b	371	Visa (06.06.00)	358.065	4.610	401	31.12.2000	73110	Innlendar viðskiptakröfur	Viðskm nr. 270168-4509 JAJ
b	372	Visa (03.08.00)	113.445	1.437	401	31.12.2000	73110	Innlendar viðskiptakröfur	Viðskm nr. 270168-4509 JAJ
b	373	Visa (05.09.00)	575.843	7.148	401	31.12.2000	73110	Innlendar viðskiptakröfur	Viðskm nr. 270168-4509 JAJ
b	374	Visa (04.10.00)	570.924	6.715	404	31.12.2000	73110	Innlendar viðskiptakröfur	Viðskm nr. 270168-4509 JAJ
a	375	Visa (05.08.99)	13.672	180	230	30.9.1999	52210	Vaxtagjöld af..	
b	376	Lr. 371, 2000	(478.679)		371	31.12.2000	73110	Innlendar viðskiptakröfur	Vskm. 0006-0007 Nordica USA
b	376	Visa (03.11.00)	195.351	2.273					
b	377	Lr. 329, 2000	(472.552)		329	31.12.2000	73110	Innl.viðsk.kröfur /Nordica	Vskm. 0006-0007 Nordica USA
			<b>2.404.871</b>	<b>43.309</b>					
a		Mótfærsla til lækkunar gjöldum		749.756					
b		Mótfærsla á "viðskiptareikning" JAJ		1.655.115					
				<b>2.404.871</b>					

Jóhannes er spurður hvort hann geti gert grein fyrir þessum breytingum í bókhaldi Gaums ehf. sem ná allt aftur til ársins 1999, en ljóst er að félagið hafði skilað ársreikningum sem byggðust m.a. á upphaflegu færslunum.

Jóhannes kveðst ekkert kannast við þessar leiðréttingar.

Jóhannesi er nú afhent greinargerð endurskoðenda efnahagsbrotadeildar RLS, dags. 1. júní 2005, varðandi þá reikninga sem Nordica Inc. sendi á Baug á árunum 1999-2002 og grunur leikur á að varði fjármögnun og rekstur bátsins Thee Viking. Í umræddri skýrslu Deloitte er gerð grein fyrir þeim reikningum og færslumáta þeirra í bókhaldi Baugs. Jóhannesi er kynnt að hann hafi áður verið yfirheyrður um sakarefnið og gögn þau sem greinargerðin byggist á hafi verið grundvöllur þeirra yfirheyrslna.

 06840


Jóhannes er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.

Jóhannes segir svo ekki vera.


Jóhannes hefur lesið skýrsluna yfir. Hann telur skýrsluna rétt bókaða og engu við að bæta.

Yfirheyrslu og yfirllestri skýrslu lokið mánudaginn 27. júní 2005 kl. 16:12


Yfirlesið staðfest rétt

  
Jóhannes Jónsson

Skýrslu gerir

  
Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi

Viðstaddur yfirheyrslu, staðfest rétt

  
Einar Þór Sverrisson, héraðsdómslögmaður

Viðstaddur og þátttakandi við yfirheyrslu

  
Grímur Grímsson, lögreglufulltrúi